

greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 250.000.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er réttur stefnanda, Jóns S. Ögmundssonar, til þess að fá föst laun sín greidd fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar samkv. 20. gr. laga nr. 38/1954.

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sjávarútvegsráðherra vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, greiði in solidum stefnanda, Jóni S. Ögmundssyni, kr. 250.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. mars 1983.

Nr. 9/1982.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Björgu Benjamínsdóttur

(Örn Clausen hrl.).

Manndráp. Brenna. Erfðarétti fyrirgert.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu skv. 175. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 74/1974 með stefnu 29. desember 1981. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms. Verjandi krefst lækkunar refsingar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 20. desember 1982.

Eftir uppsögu héraðsdóms var álitserð Karls Strand læknis, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, um geðheilsu og sakhæfi ákærðu borin undir Læknaráð, sem féllst á niðurstöðu álitserðarinnar 13. desember 1982.

Fram er komið, að skiptum í dánarbúi Sigfúsar Steingrímssonar er ekki lokið. Því hefur verið lýst yfir af hálfu ákærðu, að hún geri enga arfskröfu í búið.

Ákærða hefur sætt gæsluvarðhaldi samfleytt síðan 29. janúar 1981.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara svo og heimfærslur til refsíákvæða.

Með skýrslum ákærðu, er fá stoð í öðrum gögnum máls, er leitt í ljós, að eiginmaður hennar var drykkjumaður, og þykir sýnt, að hann hafi verið mjög erfiður á heimili, er hann var þar drukkinn. Hann hafði verið við drykkju og drukkinn á heimilinu frá fimmtudagskvöldi 22. janúar 1981 til þess tíma, um kl. 1800 sunnudag 25. janúar 1981, er ákærða réð honum bana. Ákærða kveðst hafa verið örvingluð þennan dag vegna hátternis eiginmannsins á heimilinu og sídrykkju hans, en á heimilinu voru börn þeirra hjóna, 5 og 6 ára. Samkvæmt gögnum máls var eiginmaðurinn ofurölvi, er ákærða framdi brot sitt.

Við refsíákvörðun ber að hafa í huga baksvið brotsins og með hverjum vandræðum heimilislífið var orðið og örvinglan ákærðu yfir því. Rétt er að hafa hliðsjón af 8. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að ákærða sneri, fljótlega eftir að hún framdi brot sitt, til íbúðar þeirra hjóna og reyndi þá að draga úr tjóni af völdum brotsins og gerði húsverði viðvart um brunann. Á hinn veginn verður að líta til þess, að ákærða kveður, að lengi hafi búið með sér ráðagerð um að svipta mann sinn lífi, og enn ber að taka tillit til þess, að brot sitt vann ákærða með sérstaklega háskalegum hætti og varð sek um brot á 164. gr., 2. mgr., auk 211. gr. almennra hegningarlaga með athæfi sínu.

Eigi þykir unnt að beita ákvæði 75. gr. almennra hegningarlaga um háttsemi ákærðu.

Með vísan til framanritaðs þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 14 ára fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist hennar frá 29. janúar 1981 komi refsingu hennar til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu erfðaréttar skv. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. og 2. gr., 5. tölulið, laga nr. 74/1974. Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.500.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, 25.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Björg Benjamínsdóttir, sæti 14 ára fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist hennar frá 29. janúar 1981 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu erfðaréttar og sakarkostnað að eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.500.00 krónur, og réttargæslu- og málsvaranarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. september 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 23. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 391/1981: Ákærvaldið gegn Björgu Benjamínsdóttur, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. f. m., á hendur Björgu Benjamínsdóttur, Kötluelli 11 í Reykjavík, fæddri 15. júní 1954 í Stykkishólmi, „fyrir manndráp og brennu með því að hafa um kl. 1800 sunnudaginn 25. janúar 1981 í því skyni að bana eiginmanni sínum, Sigfúsi Steingrímssyni, fæddum 3. apríl 1943, sem svaf ölvunarsvefni í hjónarúmi í svefnherbergi íbúðar þeirra hjóna á 3ju hæð til vinstri í fjölbýlishúsinu Kötluelli 11, hellt yfir Sigfús bensíni og eftir það kastað að honum logandi eldspýtum, svo eldur blossaði þegar upp, en um leið yfirgefið íbúðina og farið úr húsinu. Ákærða kom til baka um stundarfjórðungi síðar, en komst þá ekki inn í íbúðina fyrir eldi og reyk, og leitaði ákærða þá hjálpar. Að Sigfúsi var komið litlu síðar liggjandi á eldhúsgólfi íbúðarinnar, en hann reyndist látinn af afleiðingum bruna. Af íkveikju ákærðu hlaust eldsvoði, sem auk dauða Sigfúsar hafði í för með sér slíka almannahættu, að öðrum íbúum fjölbýlishússins, sem er fjögurra hæða með 10 íbúðum í sameiginlegum stigagangi, og voru flestir heima á þeim

tíma auk nokkurra gestkomandi manna, er þar voru, var búinn bersýnilegur lífsháski, og augljós hættu varð á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum manna.

Verknaður ákærðu telst varða við 211. gr. og 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ennfremur, að ákærða teljist samkvæmt 1. mgr. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962 hafa með verknaði sínum fyrirgert sjálfri sér til handa rétti til arfs eftir hinn látna eiginmann sinn.“

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 25. janúar sl., klukkan 1818, barst slökkviliðinu í Reykjavík tilkynning símleiðis, að eldur væri laus að Kötluvell 11 í Reykjavík. Jafnframt kom fram, að grunur léki á, að maður væri inni í íbúð þeirri, þar sem eldurinn væri.

Um leið og tilkynningin barst, héldu af stað frá slökkvistöðinni við Reykjanesbraut og frá Árbæjarstöð slökkviliðsins þrjár slökkvibífreiðar og tvær sjúkrabífreiðar, og nokkrum mínútum síðar hélt á staðinn fjórða slökkvibífreiðin. Kom fyrsta bífreiðin á vettvang 8 mínútum eftir að tilkynningin barst og hinar rétt á eftir. Fjórtán slökkviliðsmenn fóru á staðinn.

Tveir slökkviliðsmenn klæddir reykköfunarbúningum héldu þegar inn í húsið með eina vatnsslöngu og inn í íbúð þá, þar sem eldurinn var, en hún var á 3. hæð til vinstri.

Slökkviliðsmennirnir hófu leit að manni þeim, sem talið var, að væri inni í íbúðinni, en fundu hann ekki strax. Þegar þeir komu inn í svefnherbergi íbúðarinnar, logaði mikill eldur í hjónarúmi. Annar slökkviliðsmannanna sprautaði vatni á eldinn, sem slokkaði nær strax. Hinn slökkviliðsmaðurinn hélt áfram leit að manninum og kom rétt á eftir inn í eldhús íbúðarinnar og fann þar mann, sem lá á gólfinu, og sneru fætur hans til dyra. Ekki sást lífsmark með manninum. Slökkviliðsmaðurinn kallaði í félagi sinn, sem kom þegar, og hjálpuðust þeir að við að bera manninn út og fengu við það aðstoð fleiri slökkviliðsmanna.

Maðurinn var þegar fluttur á slysadeild Borgarspítalans og var úrskurðaður látinn, er þangað var komið. Var hér um að ræða eiganda íbúðarinnar, Sigfús Steingrímsson, sem þar bjó með konu sinni, ákærðu Björgu Benjamínsdóttur, og tveim ungum börnum þeirra, 5 ára dreng og 6 ára stúlku. Sigfús var fæddur 3. apríl 1943.

Tveir rannsóknarlögreglumenn komu á staðinn, á meðan slökkviliðið var þar enn, og hófu þeir rannsókn málsins.

Samkvæmt skýrslu annars rannsóknarlögreglumannanna, Gylfa Guðjónssonar, virtust eldsupptök hafa verið í hjónarúmi í herbergi norðan til

í íbúðinni. Hafði verið mikill reykur þar og eldur náð eitthvað fram í „hol“. Þá hafði kviknað í gardinum fyrir stofuglugga við svaladyr, sem sneru til suðurs. Slökkviliðsmenn töldu, að allir gluggar íbúðarinnar hefðu verið lokaðir nema e. t. v. hleri yfir svalahurð.

Hjónarúm var mikið brunnið, en að öðru leyti var nokkuð erfitt að greina skemmdir í íbúðinni, þar sem rafmagn hafði farið af hluta hennar.

Á gólfteppi framan við hjónaherbergisdýr mátti sjá tvo heila vindlinga. Á skáp í eldhúsi vinstra megin, þegar gegnið var inn, var ópinn vindlingapakki og eldspýtur. Á borði vinstra megin við eldhúsvask var átekin brennivínsflaska og glas við hlið hennar með vínblöndu í.

Mitchell David Snyder, húsvörður hússins, sem bjó á 4. hæð til hægri í húsinu, skýrði rannsóknarlögreglumönnum svo frá, að ákærða hefði komið í íbúð sína ásamt börnum sínum og skýrt frá því, að mikill reykur væri í íbúð hennar og teldi hún eiginmann sinn inni í henni. Þegar ákærða kom til húsvardarins, var í heimsókn hjá honum Árni Árnason slökkviliðsmaður, sem hringdi þegar í slökkviliðið, en tók síðan handslökkvitæki og freistaði þess að komast inn í íbúðina, en varð frá að hverfa vegna reyks.

Rannsóknarlögreglumennirnir fóru á slysadeild Borgarspítalans og athuguðu lík hins látna, sem þar lá á sjúkrabekk. Í skýrslu Gylfa rannsóknarlögreglumanns segir svo um athugun þeirra lögreglumannanna á líkinu:

„Líkið var mest brunnið að sjá um háls, hár var sviðið, en brunnið frá hálsi aftanverðum upp á hvirfil. Svarblár litarháttur á vörum. Líkið var klæðlaust ofan mittis, en leyfar af skyrtuermi um vinstri úlnlið, ljós skyrtu, einnig armbandsúr og giftingarhringur úr gulli á vinstri baugfingri. Fingur voru mjög brunnir og þessir munir látnir óhreyfðir á líkinu. Handleggir og allur efri hluti líkamans var nokkuð jafnbrunninn niður á lendar, þó minna en hálsinn.

Að neðan var líkið íklætt terelynbuxum, dökkum, síðum grábláum bómullarnærbuxum, stuttum ljósum nærbuxum og sokkum. Terelynbuxurnar voru að nokkru niðurdregnar niður á læri, strengur þeirra að mestu heill, nokkuð brunnar að framan, um vasa og framan á lærum. Hörund framan á lærum aðeins brunnið. Strengir nærbuxnanna, sem munu hafa náð upp á mjaðmirnar, voru brunnir burt, og vantaði því efri hluta buxnanna. Gulbrúnir sokkar, brunagat fremst ofan á hægri leista, brunagöt neðan á vinstri leista, neðan á tábergi og hæl.“

Síðar þetta sama kvöld fór Gylfi lögreglumaður á heimili bróður hins látna, en þar var ákærða ásamt börnum sínum. Hafði Gylfi þar tal af henni. Kom þá fram, að hinn látni hefði átt við áfengisvandamál að stríða og átt mjög erfitt með að hætta drykkju, ef hann byrjaði á annað borð. Hann hafði þá ávallt verið einsamall við drykkjuna og á heimili sínu. Sagði ákærða, að hann hefði alltaf verið rólegur og afskiptalítill. Hefði hann

bæði reykt vindlinga og vindla og oft lagt sig inn í rúm og þá gjarnan skamma stund í einu. Að jafnaði hefði hann ekki reykt inni í rúmi, en þó hefði það komið fyrir, þegar hann hefði verið ölvaður.

Ákærða kvað hinn látna hafa byrjað áfengisdrykkju næstliðið fimmtudagskvöld og hefði hann drukkið stöðugt, nema þegar hann svaf. Þennan morgun hefði hann setið frammi í stofu með vindling og vinglas.

Ákærða sagði, að hún hefði verið heima allan daginn ásamt börnum sínum og eiginmanni, en um klukkan 1730 hefði hún gengið með börnin út til vinkonu sinnar að Kötlufelli 3. Þegar hún gekk út, sat ákærði á rúmstokk hjónarúmsins talsvert ölvaður og með logandi vindil í hendi. Kvaðst ákærða hafa læst íbúðinni á eftir sér, og er hún kom aftur, opnaði hún íbúðina með lykli. Kom þá á móti henni mikill reykur. Hljóp hún þá með börn sín upp til húsvarðarins og skýrði frá því, hvernig komið væri.

Ákærða kvað sig ekki reka minni til þess, að heilir vindlingar hefðu legið á gólfinu framan við hjónaherbergið, en hins vegar kvaðst hún muna eftir brennivínsflösku á eldhúsborðinu og vinglasi við hlið hennar. Þá hefði verið opinn vindlapakki á skáp vinstra megin, þegar gengið var inn í eldhúsið, eldspýtur, átekinn pakki með Winston vindlingum og annar óatekinn. Ekki kvaðst ákærða muna, hvort gluggar íbúðarinnar hefðu verið opnir eða lokaðir, en taldi frekar, að þeir hefðu verið lokaðir, enda hefði Sigfús alltaf viljað hafa glugga lokaða.

Jón Gamalielsson, starfsmaður Rafmagnseftirlits ríkisins, fór daginn eftir brunann að Kötlufelli 11 til að kanna orsök brunans með tilliti til eldsupptaka frá rafmagni. Í skýrslu Jóns, dagsettri 29. janúar sl., segir, að við umrædda könnun hafi ekkert komið fram, sem benti til bruna frá rafmagni eða þeim rafbúnaði, sem var á brunastaðnum, þegar athugunin fór fram.

Þrír rannsóknarlögreglumenn fóru að Kötlufelli 11 til vettvangsathugunar sama dag. Einn þeirra, Sigurður Benjaminsson, gerði skýrslu um vettvangsathugunina og hefur staðfest hana við meðferð málsins. Í skýrslu vitnisisins segir svo:

„Kötlufell 11, Rvík., er 4 hæða fjölbýlishús með 10 íbúðum, 1 íbúð er á 1. hæð, en 3 á hverri hæð þar fyrir ofan.

Nokkur reykjarlykt er á stigaganginum, en ekki miklar skemmdir af sóti nema helst á 3. hæðinni og þar fyrir ofan.

Umrædd íbúð að 3. hæð t.v. er tvö svefnherbergi, eldhús, og snúa gluggar til austurs, baðherbergi gluggalaust milli eldhúss og stofu, og stofan er með gluggaröð og svalahurð, sem snýr til vesturs.

Þegar gengið er inn íbúðina, er baðherbergi gegnt inngangi til vinstri, við það er eldhús, við hlið eldhúss er hjónaherbergi, þar sem eldsupptök hafa orðið, og lengst til vinstri er barnaherbergi.

Gengið er inn á gang, þaðan sem innangengt er inn í nefnd herbergi,

en til hægri handar er stofa, og er opið inn í hana af ganginum og engin hurð eða skilrúm. Til vinstri við inngang er tvöfaldur fataskápur, og er gengið fyrir hann og til vinstri til að komast inn í barnaherbergið.

Eins og áður er getið, eru eldsupptök sýnilega í hjónaherbergi, og eru þar töluverðar skemmdir af eldi, en búið er að taka út úr herberginu það, sem eftir var af rúmdýnum, sem var ekki annað en járngrind, rúmföt, sem voru mikið brunnin og lítið eftir af þeim, fjalir, sem höfðu verið þversum undir dýnunum mikið brunnar, gardínur, sem voru að mestu brunnar, og trékoll, og hafði þetta allt verið sett út á svalir hússins.

Það, sem eftir var í hjónaherberginu, var hjónarúmið, sem var mikið brunnið á höfða- og fótagöflum, og er fótagafl nær dyrum herbergis, en höfðagafl snýr að barnaherberginu. Langsum undir rúminu er timburbiti, sem fjalir hafa legið þvert á, og er hann töluvert brunninn. Hliðarborð, hægra megin þegar legið er rétt í rúminu, er mikið brunnið svo og náttborð, sem er áfast rúminu sömu megin.

Á umræddu náttborði er leslampi tengdur í vegg, og er rafmagnssnúran mikið brunnin og rofi, sem verið hefur skammt frá lampafæti, alveg brunninn. Á náttborðinu vinstra megin á rúminu er sams konar lampi óbrunninn svo og rofi og snúra og ekki skemmdir þeim megin á rúminu nema að hluta, en þó hefur hliðarborð, þar sem dýnan hefur legið að, skemmt af eldi, en efri hluti gafls ekki skemmdur af eldi.

Mestur eldur hefur því verið hægra megin í rúminu og aðeins inn fyrir miðju þess.

Undir miðju rúmsins hægra megin var gólfðúkur, sem er á gólfi brunninn í gegn á bletti.

Veggur var mikið bruninn fyrir ofan höfðagafl rúmsins og einnig loftið þar ofan við. Bókaskápur er í herberginu til vinstri við dyrnar, og er hann nokkuð brunninn og skemmdir á bókum, sem í honum eru, svo og brunnin blöð, sem liggja ofan á skápnum.

Innra gler í rúðu í herbergisglugga er brotið, og hefur glugginn sýnilega verið lokaður.

Aðrar skemmdir á herberginu eru á öllum veggjum af sóti og hita og á lofti af eldi og sóti.

Hurð herbergisins hefur sennilega verið hálfopin af skemmdum á henni að merkja, en hurðin er töluvert skemmd að innan af sóti og hita svo og tréspjald, sem er ofan við hurðina og nær að lofti. Einnig er hurðin skemmd að utan af hita og sóti niður fyrir miðju svo og skemmdir á dyra-körmum af hita og sóti. Hurðarhúnar, sem eru úr plastiefni, hafa bráðnað saman.

Í stofu eru tvöfaldar gardínur, innri þ. e. (nær glugga) og ytri (fjær glugga). Innri gardínur eru í einu lagi og ná þvert yfir stofuna, og ytri gard-

ínur eru í fjórum lengjum, og eru þær ekki tengdar saman að ofan.

Lengja, sem er lengst til hægri, þegar snúið er til vesturs að stofugluggunum, og er fyrir svalahurðinni, hefur brunnið og fallið niður á gólfteppið fyrir framan svalahurðina, og er gólfteppið brunnið í gat þar, en þarna er um að ræða nylonteppi. Búið var að henda brunaleifum af gardinulengjunni út á svalir.

Innri gardína, sem dregin er til vinstri, þegar hún er dregin frá svalahurðinni, er með brunagati, rúmlega lófastóru um miðja vega milli lofts og gólfs og því sem næst fyrir miðri hurðinni, þegar hún er dregin fyrir. Lítil brunagöt eru til hægri við áðurnefnt brunagat.

Á tvíbreiðum sófa með tréörmum, sem stendur við gluggann, snýr baki að glugganum, er púði, og er hann sviðinn að hluta, og á armi sófans, sem nær er hurðinni, eru brunaleifar, sem ekki er hægt að átta sig á, hvað er. Einnig eru slíkar leifar á gólfteppinu við hlið sófans, nokkrir blettir, og er eins og eitthvað hafi fallið logandi þar á.

Slíkar brunaleifar, eins og hér að framan hefur verið getið um, eru á nokkrum stöðum frá hjónaherbegi inn í stofu að svalahurðinni og inn í eldhúsi, og skuli þessir staðir taldir hér: Á horni á sjónvarpi ofanverðu, og er gengið fram hjá því, þegar gengið er að svölunum, á simatóli, sem gengið er fram hjá inn í stofuna, á gólfi fyrir framan og við hlið nefnds simastóls, á dyrakörmum eldhúsdýra, á eldhúshurð, á borðplötu vinstra megin við eldhúsdýr og síðast á ísskápshurð innanlega í eldhúsi, þar sem hinn látni fannst liggjandi á gólfinu.

Þess skal getið, að á dyrakörmum eldhúsdýra er málning sviðin á tveimur stöðum, eins og eitthvað logandi hafi komið þar við.

Eins og áður er getið, fannst hinn látni liggandi á eldhúsgólfi upp við ísskáp, og var lakk á ísskápnum sviðið neðantil á hlið skápsins, og brunaleifar voru þar framan við, sennilega af fatnaði hins látna, og var gólfdukur þar undir sviðinn. Eining voru leifar af fatnaði viðar á eldhúsgólfi.

Gluggar eru þrír stórir veltigluggar í hverju herbergi, sem snýr til austurs, 1 gluggi, þ. e. barnaherbergi, hjónaherbergi og eldhús, og er að sjá, að þeir hafi allir verið lokaðir af körmum þeirra að dæma.

Fyrir ofan svalahurð er lítill opnanlegur gluggi með tréspjaldi og ASSA stormjárnri, og er að sjá, að hann hafi verið lítilega opinn, og er þéttikantur á spjaldinu lítilega bráðnaður að ofanverðu, og er þar um að ræða plastþéttikant.

Í eldhúsi á borði þar var vindlapakki London Docoks með 8 vindlum í, óátekinn Winston pakki og eldspýtustokkur. Einnig var á öðru borði í eldhúsi 3 pela flaska af brennivíni, um hálf flaska, og glas við hlið hennar rúmlega hálf með áfengisblöndu.

Á náttborði vinstra megin á hjónarúminu var átekinn pakki af Winston,

og framan við svefnherbergishurðina, þ. e. hjónaherbergi, voru tvær Winston sigarettur heilar.

Skemmdir á íbúðinni aðrar en hér hefur verið lýst eru mestar af sóti og reyk, og eru sótskemmdir mjög miklar.

Sótskemmdir hafa einnig orðið á stigagangi og þá mestar á 3. og 4. hæð, en minna þar fyrir neðan, en reyskemmdir hafa orðið víðar, þar sem mjög mikill reykur varð á stigagangi, er íbúðin var opnuð, eftir að elds varð vart.

Rannsóknarlögreglan hélt áfram rannsókn málsins, og ræddu lögreglumenn við íbúa hússins að kvöldi 27. janúar sl. Kom þá fram verulegt misræmi í framburði ákærðu annars vegar og íbúanna hins vegar um það, hvenær ákærða hefði yfirgefið íbúð sína fyrir eldsvoðann.

Þetta sama kvöld ræddu lögreglumenn við Kristínu Linnet, Unufelli 46 í Reykjavík, en hún upplýsti, að hún, ákærða og þrjár konur aðrar hefðu farið saman á dansleik í Glæsibæ kvöldið áður en eldsvoðinn varð, og kom einnig fram, að dóttir Kristínar, Linda Hilmarsdóttir, 14 ára, hefði gætt barna ákærðu og Sigfúsar á laugardagskvöldinu, um nóttina og fram á sunnudaginn.

Kristín sagði eftir dóttur sinni, að þegar henni hefði verið sagt lát Sigfúsar á sunnudagskvöldinu, hefði hún sagt, að ákærða hefði sagt við Sigfús um morguninn, að hún ætlaði að drepa hann. Þá hefðu þau rifist heiftarlega, áður en Linda yfirgaf heimili þeirra nokkru eftir hádegisdag. Loks upplýsti Kristín, að Linda hefði sagt sér á mánudagskvöldinu á milli klukkan 19 og 20 heima hjá sér, að hún vissi, hvernig hefði kviknað í, ákærða hefði keypt bensín á sunnudagsmorgninum og látið það út á svalir.

Eftir krufningu á líki Sigfúsar lágu fyrir þær upplýsingar, að svo til ekkert kolmónoxýð hefði verið til staðar í blóði hans, þannig að líkur væru til þess, að hann hefði beðið bana með skjótum hætti af völdum bruna.

Nokkru eftir miðnætti aðfaranótt 28. janúar sl. var ákærða sótt og færð til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni og henni skýrt frá því, að rökstuddur grunur lægi fyrir, að hún kynni að hafa átt aðild að eldsvoðanum og dauða manns sins. Yfirheyrslu þessari lauk klukkan 0514 um nóttina. Verður nú gerð grein fyrir því, sem fram kom við yfirheyrsluna:

Ákærða kvaðst hafa vaknað á sunnudeginum á milli klukkan 10 og 11 um morguninn. Voru þá auk fjölskyldunnar á heimilinu Linda Hilmarsdóttir og stúlka að nafni Margrét, sem gætt höfðu barna þeirra hjóna, en þær fóru á milli klukkan 14 og 15. Ákærða gerði grein fyrir ferðum sínum og gerðum umræddan dag, en hún kvaðst hafa farið að heiman rétt fyrir klukkan 18 til Kristínar í Kötluelli 3, en ekki kvaðst ákærða hafa stansað þar lengi, en mundi ekki, hversu lengi, hefði það verið smátími. Ákærða sagði, að þegar hún hefði farið að heiman, hefði Sigfús setið á rúmstokkn-

um og spurt, hvert hún væri að fara og hvort hún yrði lengi, en ákærða kvaðst verða fljót. Ákærða fór síðan beint heim, og var þá að mati ákærðu liðinn innan við hálf tími eða hálf tími frá því að hún fór, en ákærða kvaðst hafa farið til þess að fá sér frískt loft.

Ákærðu var kynnt, að tímasetning hennar í þessari yfirheyrslu um fjarveru hennar af heimilinu væri ekki í samræmi við fyrstu svör hennar kvöldið, sem atburðurinn gerðist. Ákærða kvaðst ekki átta sig á þessu, en hana minnti, að hún hefði farið út, þegar þátturinn Húsið á sléttunni var búinn og næsti þáttur rétt byrjaður.

Ákærða upplýstu síðar í þessari yfirheyrslu, að hún hefði eiginlega farið yfir í Kötlufell 3 til þess að leyfa börnum sínum að horfa á sjónvarpið í lit, en þau hefðu ekki séð nema smápart, þar sem hún hefði snúið aftur vegna þess, að hún vissi af Sigfúsi einum heima og leið ekkert of vel að vita af honum einum.

Ákærða gerði grein fyrir áfengisdrykkju Sigfúsar, sem hafði hafist á fimmtudeginum, og hátterni hans við drykkjuna og ástandi af hennar völdum fram að því, að ákærða yfirgaf íbúðina fyrir eldsvoðann. Upplýsti ákærða, að Sigfús hefði verið að reykja vindil eða vindling, þegar hún yfirgaf hann, þar sem hann sat á rúmstokknum. Kvað ákærða Sigfús hafa reykt vindla að staðaldri og auk þess einnig vindlinga, þegar hann hefði verið ölvaður.

Ákærða var spurð að því, hvort hún hefði keypt nokkur eldfim efni nýlega, og svaraði hún því neitandi. Þá kannaðist hún ekki við að eiga brúsa undir bensín, ef af því hefði orðið, að hún færi og keypti bensín á bifreið þeirra hjóna, sem hafði orðið bensínlaus á föstudeginum.

Ákærða kvað samkomulag þeirra hjóna hafa verið alveg ágætt, en hún var spurð, hvort til rífrildis hefði komið þeirra á milli umræddan sunnudag. Ákærða kvað ekki hafa komið til rífrildis á milli þeirra og hefði hið eina, sem hún hefði sagt við hann, verið það, að ef hann hætti ekki „þessu helvitis fylleri“, væri hún farin. Ákærða upplýsti, að komið hefði til rífrildis á milli þeirra hjóna á laugardagskvöldinu, en hún neitaði að rífa það upp í smáatriðum.

Að yfirheyrslunni lokinni var ákærða færð í varðhald.

Áðurgreind Linda var yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni næsta dag, og kom fram í framburði hennar, að Sigfús hefði verið mjög mikið drukkinn á laugardagskvöldinu. Hefði hann farið oft í ísskápin til þess að fá sér að borða, en þar var ekkert, þar sem ákærða var búin að henda matnum, en hún sagði, að ákærða hefði verið búinn að bíta einn bita af öllu, sem til var.

Linda sagði, að ákærða og Sigfús hefðu verið að rífast út af því, að hann vildi fá hana til þess að sækja bifreið þeirra til lögreglunnar, en hún

hafði orðið bendsínlauð, eins og áður greinir, og var að sögn ákærðu komin í vörslur lögreglunnar. Vildi ákærða ekki sækja hana, en ákærða kvaðst hafa sótt bensín í brúsa á bensínstöð til þess að setja á bifreiðina. Kvað hún bifreiðina hafa verið horfna, þegar hún hefði komið aftur frá því að sækja bensínið á hana og hefði hún því komið heim með brúsann og sett hann út á svalir. Hafði kunningi þeirra hjóna, Bárður Árni Steingrímsson, upplýst ákærðu um það, að bifreiðin væri hjá lögreglunni.

Linda kvaðst hafa séð brúsann með bensíninu á svölunum á laugardagskvöldinu, þegar hún átti erindi þangað. Var hann hvítur með rauðum tappa, og hristi Linda hann og fann, að mikið var í honum.

Í hádeginu á sunnudeginum var Sigfús orðinn mikið drukkinn, og sá Linda, að hann kastaði af sér þvagi í eldhúsvaskinn, en ákærða sagði, að hann hefði einnig gert það í baðvaskinn. Kvaðst Linda hafa heyrt þau hjónin rifast út af þessu og eins vegna bifreiðarinnar. Kvaðst hún hafa heyrt ákærðu kalla Sigfús öllum illum nöfnum, m. a. að hann væri svin og ataði allt út eins og hálfviti. Kvaðst hún ætla að biðja Bárð að koma honum á Silungapoll, ef þar væri pláss, en annars ætlaði hún bara að drepa hann. Þegar ákærða mælti þetta, voru þau í eldhúsinu, en fóru síðan inn á salerni, og heyrðu Linda ekki framhald viðræðna þeirra hjóna.

Linda kvaðst oft hafa séð sams konar brúsa í bifreið Sigfúsar og hún sá á svölunum.

Linda kvaðst aldrei hafa séð Sigfús reykja, hvorki vindlinga, vindla né annað tóbak, og vissi hún ekki til þess, að hann reykti, hvorki drukkinn né ódrukkinn. Hún kvað ákærðu hins vegar reykja mikið, og reykti hún Winston vindlinga.

Síðdegis 28. janúar sl. lagði vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins fram í dóminum kröfu um, að ákærða yrði úrskurðuð í gæsluvarðhald til 11. febrúar sl., kl. 17, vegna rökstudds gruns um, að hún kynni að eiga aðild að eldsupptökunum og láti Sigfúsar. Í þinghaldinu mótmælti ákærða kröfunni og kvaðst vera saklaus.

Næsta dag var ákærða síðan úrskurðuð í gæsluvarðhald í samræmi við kröfu rannsóknarlögreglunnar.

Föstudaginn 30. janúar sl., klukkan 1415, var hringt til Gylfa Guðjónssonar rannsóknarlögreglumanns í Síðumúla og honum skýrt frá því, að ákærða vildi ræða við hann. Fór Gylfi síðan í fangelsið, og skýrði ákærða honum frá því, að hún hefði banað eiginmanni sínum. Spurði Gylfi hana þá, hvers vagna hún hefði gert það, og svaraði hún þá, að það væri annar maður, hún væri hrifin af öðrum manni.

Ákærða var síðan færð til yfirheyrslu í húsakynnum rannsóknarlögreglunnar.

Skýrsla ákærðu í yfirheyrslu þessari er á þessa leið:

„Ég var búin að hugsa um það í marga mánuði að ganga af Sigfúsi dauðum. Hjónaband okkar var ekki eins og best var á kosið. Okkar hjónaband var gott, þangað til ég var búin að eiga bæði börnin. Efir það fór hann að drekka mikið, en hann hafði verið alkóhólisti, er ég kynntist honum. Það fór mjög í mig, hve mikið hann drakk og marga daga í einu. Hann var mjög leiðinlegur með víni.

Það hefur líklega verið um sumarið 1977, að ég kynntist öðrum manni. Mér þótti vænt um hann og þykir enn. Ég var með þessum manni öllum stundum, þegar hann var í landi, en hann var sjómaður. Þetta samband hefur staðið í um það bil eitt og hálft ár. Síðan treysti ég mér ekki til að standa í þessu lengur, gift manneskjan. Það hefur verið fyrir einu eða réttara sagt tveimur árum síðan, sem samband okkar slitnaði. Ég hef þó hitt hann einstaka sinnum á böllum og þá fyrir tilviljun. Þessi maður heitir . . . Þar hefur hann búið með konu nú um nokkurt skeið.

Aðalástæðan fyrir þessu var sú, að ég átti að vera góða barnið heima, meðan Sigfús væri að ralla og djamma fram eftir öllum nóttum, ég átti að passa börnin, meðan hann væri að drekka og skemmta sér. Mér fannst ekki sanngjarnt, að ég yrði alltaf að sitja heima, en hann hefði alltaf tækifæri til að skemmta sér. Hann sagði mér að vera heima og ef ég gerði það ekki, sagðist hann skyldi eiga mig á fæti (sic).

Ég fór svo bara að fara sjálf út, hvað sem hann sagði, og ákvað að taka afleiðingunum, þegar heim kæmi aftur. Hann heimtaði þá að vita, hvar ég hefði verið, og skammaði mig, ekki barði hann mig, en henti mér oft til. Hann komst að sambandi mínu við . . . eftir stuttan tíma, en ég þrætti og þrætti. Ef ég fór út, þá sagði hann alltaf, að ég væri að fara til . . .

Í einu fylliriisæðinu sagðist hann hafa hringt í . . . og spurt hann að þessu og hann hefði viðurkennt þetta. Ég spurði . . . að þessu, en hann sagði, að Sigfús hefði aldrei haft samband við sig. Seint og síðar meir, eftir að við . . . höfðum slitið sambandinu, þá viðurkenndi ég þetta fyrir Sigfúsi.

Sigfús varð alveg æfur, er hann heyrði þetta. Ég sagði honum, að hann skyldi ekki hafa áhyggjur af því, við . . . höfðum slitið þessu sambandi, og lofaði ég Sigfúsi að hitta hann ekki aftur með þeim hætti að mæla mér mót við hann, en ég mundi tala við hann, ef ég hitti hann einhvers staðar.

Ég man, að ég sveik það, ég fór tvisvar þarna heim til . . . , þau buðu mér til sín . . . og sambýliskona hans. Hann hafði þá sagt henni frá þessu sambandi okkar.

Sigfús var síðan ætið, ef hann var fullur, að kalla mig öllum illum nöfnum, mellu og annað því um líkt, vegna þessa máls. Hann var alla tíð að djöflast í mér út af þessu, hvort sem hann var fullur eða ófullur. Hann vildi aldrei fara neitt með mér og vildi bara fara einn.

Ég var margbúin að biðja Sigfús um skilnað, en hann vildi það ekki, hótaði mér með ýmsu, hann skyldi láta taka af mér krakkana, koma mér niður í skítinn og annað eftir því, ég skyldi lenda einhvers staðar í fjandanum, og hann var líka búinn að hóta mér að drepa mig. Eitt skipti, er ég var að koma heim af balli, beið hann eftir mér fullur heima. Hann sat í eldhúsinu og stóð upp, þegar ég kom inn. Hann sagði „hvar varst þú?“, ég sagði honum það, að ég hefði verið á balli. Hann fór í eldhússkúffu og náði í hnifinn, hann sagði við mig eitthvað í þá átt, að hann skyldi drepa mig og stinga mig, svo mér blæddi út. Hann elti mig um alla íbúð með hnifinn, ég gat svo talað hann til, hann setti hnifinn á borðið og fór svo að sofa.

Ástæðan fyrir því, að ég hafði ekki sjálf frumkvæði að því að skilja við Sigfús, var sú, að ég var hrædd við hann, hrædd við, að hann gerði eitthvað af því, sem hann hafði hótad mér, og ég mundi ekki fá frið fyrir honum.

Ég var búin að hafa í huga í marga mánuði að stúta honum, ég hafði enga ákveðna aðferð í huga, en ég var þó að hugsa um að nota töflur eða eitthvað þess háttar og láta hann hverfa. Ég hefði aldrei losnað við hann, þó ég hefði skilið við hann. Mér fannst þetta eina ráðið til að losna við hann.

Ég var talsvert á böllum núna síðustu mánuði, aldrei þorði ég þó að fara, nema þegar hann var fullur, en þá notaði ég líka tækifærið. Ég hef ekki verið með neinum sérstökum manni, en ég vildi þá ná mér í eitthvað annað betra en Sigfús.

Svo varð það um síðustu helgi, að Sigfús var búinn að rifast óvenju mikið. Við fórum saman á ball á fimmtudeginum, fórum í Hollywood. Hann fór að drekka á fimmtudeginum, vegna þess að hann var kallaður fyrir í sakadómi Reykjavíkur, það var vegna kæru um, að hann hefði keyrt fullur.

Við fórum saman heim af ballinu, en ekki reifst hann, þegar við komum heim. Kona að nafni Guðlaug Kristjansen, sem býr að Kötluelli 9, hafði verið á ballinu og kom aðeins með okkur inn, en hún fór rétt strax. Við vorum svo að tala saman og spiludum nokkrar plötur, en fórum síðan að sofa. Linda passaði á fimmtudagskvöldinu og systir hennar með henni.

Linda og þær gistu þarna um nóttina, og föstudagurinn byrjaði með því, að ég þurfti að vekja þær og senda þær í skólann. Svo rétt fyrir kl. 0900 þá bað Fúsi mig að fara fyrir sig í ríkið og kaupa fyrir sig eina flösku af Vodka Smirnoff. Reyndar hafði hann farið til vinnu um morguninn mígandi fullur, kom svo heim aftur um kl. 0830 og sagði mér, að verkstjórn sinn hefði ekið sér heim. Hann hefur ef til vill verið að sötra eitthvað

um nóttina, hann gerir það alltaf, ef hann vaknar, ég svaf og vissi ekki um það, en eitthvað vín var til, er við komum heim.

Ég fór af stað á bílnum rétt fyrir kl. 0900, og billinn stoppaði þarna, sem hann var. Ég kom honum ekki í gang, þannig að ég hélt, að hann væri bensínlaus. Ég reyndi að ýta honum eitthvað þarna út fyrir, en gat það ekki, þannig að ég fór upp í sjoppu og hringdi á leigubíl. Ég fékk lánaðan síma hjá konu eigandans og hringdi á Bæjarleiðir. Billinn kom, þetta var grár bill að mig minnir og bílstjórinn fullorðinn maður, ca 55—60 ára, hann var með hatt eða húfu. Þennan mann bað ég að aka mér í ríkið við Laugarásveg. Þar keypti ég Smirnoff flöskuna. Síðan keyrði hann mér beint heim til mín.

Klukkan hefur verið milli 0930 og 0945. Ég fór inn með flöskuna, lét Fúsa fá hana, fór síðan að klæða krakkana og gefa þeim eitthvað að borða.

Ég fór síðan út í búð að versla, heim aftur og síðan heim til mömmu Lindu, það hefur verið rétt fyrir kl. 13.30. Ég gleymdi að segja frá því, að Linda og þær komu aftur til mín, þegar þær voru búnar í skólanum, og ég fór síðan með þeim. Linda fór í bæinn að kaupa afmælisgjöf, fór hún með strákinn minn og strákinn hans Bárðar, sem ég var að passa. Síðan rétt rúmlega 1600 kom dóttir mín úr skólanum og kom heim til Stínu. Ég fór heim rétt fyrir fimm, því ég átti von á mömmu litla stráksins að sækja hann.

Ég man það, að fyrr um daginn hringdu þau bæði með stuttu millibili til mín, þau Bárður og kona hans, vegna bilsins, en þau héldu, að Sigfús hefði verið fullur á bílnum. Eftir kl. fimm komu Judy, móðir litla drengsins. Ég spurði hana, hvort hún hefði séð bilinn, en hún sagði nei. Þá hringdi hún fyrir mig til lögreglunnar, sem sagði þá, að billinn hefði verið tekinn af kranabil og ég mætti sækja hann, en ég þyrfti að greiða af honum kostnaðinn. Fyrst að ég vissi, hvar billinn var, þá var ég ekkert að spá í þetta, hann gat séð um það sjálfur. Fúsi var blindfullur þarna heima.

Síðan kom kvöldmatur, og ég fór að gefa börnunum að borða. Síðan minnir mig, að ég hafi farið út í sjoppu til mömmu Lindu og bað hana að koma með á ball. Þá ákváðum við að fara þrjár saman eftir vinnu hjá Kristínu Linnét. Sú þriðja heitir Hrafnhildur. Síðan fór ég heim, fór í bað og þess háttar, fór svo að horfa á sjónvarpið með börnunum. Svo upp úr kl. 2300, þegar börnin voru sofnuð, þá labbaði ég heim til Kristínar Linnét. Þá var Sigfús sofandi inni í rúmi. Ég sótti föt fyrir Kristínu, fór með þau heim til Hrafnhildar og biðum þar eftir Kristínu. Hrafnhildur á heima í Jórufelli 6.

Síðan kom Kristín og skipti um föt, síðan fórum við í Glæsibæ. Við skemmtum okkur í Glæsibæ, ég neytti þar áfengis, en þegar ballið var búið,

hafði ég týnt þeim vinkonum mínum. Ég fór út og náði mér í bíl og fór heim.

Fúsi var vaknaður, þegar ég kom, og hann sá, að ég var að kom af balli. Við rifumst allhressilega, hann var með stæla, spurði, með hverjum ég hefði verið og þess háttar. Ég lagðist síðan upp í sófa í stofunni og sofnadi, en hann fór inn í herbergi.

Ég vaknaði á laugardagsmorgun milli kl. 10 og 11. Þá var Fúsi heima og eitthvað í honum, en hann var búinn með allt vín. Segir svo við mig, stuttu eftir að ég var komin á lappir, að hann ætlaði að skreppa út, og labbaði upp í fiskbúð til Bárðar með litla strákinn með sér. Ég veit ekki, hvað fór þeim á milli þar, en líklega um hádegið kom hann til baka og dó niðri í geymslunni. Benni var með brennivínsflösku í umbúðabréfi, ég man ekki, hvort hún var í plastpoka. Mér skildist, að Sigfús hefði hringt á Borgarbíl og fengið flöskuna þaðan. Linda var með Benna og hafði þá tekið flöskuna af barninu. Ég gat ekki vakið Sigfús, svo ég sendi einhvern af krökkunum til Ragnars á 2. hæð til vinstri í mínum stigagangi, við tókum Sigfús á milli okkar og bárum hann upp í rúm. Þar svaf hann smástund. Hann er sífellt að sofna og vakna aftur. Við höfðum lagt hann upp í í jakkanum, skónum og öllu.

Síðan þegar ég var búinn að gefa krökkunum að borða, þá minnir mig, að Linda hafi farið með þau í sund. Hún kom svo heim með þau, ekki man ég hvenær. Þá gaf ég þeim að drekka, kakó og brauð, og leyfði þeim síðan að fara í bíó. Hún fór með hálf fjögur strætó, ætlaði að sjá Exanadu í Laugarásbíó.

Ég fór þá, eftir að börnin fóru, að spekulera í, hvort ég ætti að láta verða af því að drepa Sigfús. Hann lá inni í rúmi, að mig minnir sofandi, þegar börnin fóru. Rétt eftir að þau fóru, ákvað ég að fara niður í geymslu og sækja bensínbrúsa, sem þar var. Ég vissi af þessu bensíni, það var komið þarna af Sigfúsar völdum, ekki man ég eða veit, hvenær hann kom með bensínið þarna inn. Hann var rétt fyrir innan dyrnar, vinstra megin. Þetta var hvítur brúsi með rauðum tappa, mig minnir, að hann hafi verið hálf-ferkantaður, með haldi inngreyptu í sjálfan brúsann, ég man ekki svo örugglega, hvernig hann leit út, ég man þetta ekki vel, ég var hálfbrjáluð, þegar ég gerði þetta.

Síðan fór ég upp með brúsann, ég ákvað og var ákveðin á leiðinni upp stigann að hella bensíninu yfir Sigfús og kveikja í honum, en það voru tveir eldspýtustokkar heima. Þegar ég kom upp, þá kom ég mér ekki að þessu verki og lét brúsann út á svalir, lét hann vinstra megin við vegginn, við hliðina á stórum hvítum dunk með súrmat.

Ég fór svo inn og hætti að hugsa um þetta, ákvað að gera þetta seinna. Sigfús svaf áfram, síðan komu krakkarnir úr bíóinu. Það hefur ekki verið

fýrr en um kl. 2000, ég sá þau koma úr strætó, ég var þá úti í sjoppu. Ég fór síðan heim, og Linda kom með ásamt börnunum mínum og Margréti.

Ég færði síðan í tal við Lindu, hvort hún mundi vilja passa um nóttina, en ég ætlaði á ball um kvöldið með mömmu hennar, Hrafnhildi og tveimur öðrum konum. Linda vildi passa og Margrét að vera hjá henni. Sigfús hafði verið á rápi fram og aftur, eins og hans var vani. Ekki man ég eftir sérstökum orðaskiptum við Sigfús þetta kvöld, mig minnir þó, að hann hafi spurt mig eitthvað, hvert ég væri að fara, en ég sagði, að honum kæmi ekki við, eða eitthvað í þá átt.

Það hefur verið líklega fyrir kl. 2200, annars er ég alls ekki viss um tím-ann, ég bara fór, þegar ég vissi, að allt í lagi var með börnin. Ég fór út í Torfufell 27 til konu, sem Guðbjörg heitir Harðardóttir, stoppaði þar smástund, við vorum að kjafta og hún að hafa sig til. Við löbбуðum síðan út í Rjúpufell til konu að nafni Guðbjörg, að ég held Sigurðardóttir, á nr. 29, hún átti von á okkur. Þegar þangað kom, var hún ekki heima, svo við löbбуðum út í Jórufell til Hrafnhildar, þar vorum við til kl. 2400 um kvöldið og vorum að biða eftir Stínu, hún var að vinna.

Síðan kom Stína, einhver okkar hringdi heim til Guðbjargar í Rjúpufell 29. Hún var þá komin heim, og við tókum leigubíla þangað og sóttum hana, fórum þaðan beint í Glæsibæ.

Ég drekk talsvert, ef ég drekk á annað borð, og var svo þarna um kvöldið í Glæsibæ. Þar var ég svona að rápa, kjafta við fólk, sem maður þekkti ekki neitt, dansa við hina og þessa, og þetta var eins og gengur og gerist. Síðan var ballið búið. Þá var eftir að koma sér heim, og við fundum ekki tvær okkar. Það voru báðar Guðbjargarinnar. Við fórum af stað heim með einhverjum manni, sem Hrafnhildur þekkti, hann var á sínum eigin bíl, en þessi maður hafði verið á ballinu. Ekki vissi ég nafn hans né hvar hann átti heima, í bílnum var einn maður, sem ég veit ekki, hvað heitir, en ég kannadist við hann í sjón. Þessi maður bað um far, hann átti ekki pening fyrir bíl, en hann á heima annað hvort á Jórufelli 2 eða 4.

Bíllinn fór fyrst upp í Jórufell, þar hófst rifrildi milli mín og Stínu. Stína fór að skipta sér af því, að ég ætlaði með þessum manni inn í Jórufell. Ég rauk út úr bílnum og labbaði það, sem eftir var heim. Krakkarnir voru allir sofandi, þegar ég kom heim, en bóndinn vakandi. Við fórum að rifast og háflslógumst. Ég man ekki orðaskipti, enda mun ég hafa verið svolítið hátt uppi. Hann spurði eitthvað í þá átt, hvern djöfulinn þetta ætti að þýða að vera að þessu djammi fram eftir öllu. Það endaði með því, að ég fór inn í stofu og hætti að ansa honum, lagðist svo upp í sófa og fór að sofa. Ekki veit ég, hvað hann gerði, því ég steinsofnaði.

Á sunnudagsmorguninn mun ég hafa vaknað eitthvað milli kl. 1000 og

1100, klæddi mig, en þá voru Linda og þær búnar að gefa börnunum að borða og fá sér sjálfar. Ekki man ég, hvar Sigfús var. Ég fór síðan út í sjoppu að kaupa kók og eitthvað sælgæti. Ung stúlka að nafni Lilja, 14 ára, afgreiddi mig. Svo fór ég heim með þetta. Þá fór að líða að hádegi, og ég var ekki í neinu stuði þá til að elda, svo ég sendi Lindu út í bú fyrir mig. Hún keypti fjórar kók, fjórar pulsar og eina svona litla „pizza“. Þetta kom hún heim með, og þetta átu börnin í hádeginu ásamt barnapíunum, þ. e. a. s. ég borðaði „pizza“ (pitsuna).

Það hefur líklega verið um hádegið eða skömmu eftir, að ég kom úr sjoppunni, sem hann hringdi á Borgarbil eftir vínflösku. Hann hafði einmitt spurt mig, hvort ég myndi eftir símanúmerinu þar. Ég man ekki, hvaða dag það var, eða hvort það var þarna um hádegi á sunnudag. Ég man eftir, að ég sagði við hann, hvort hann ætlaði ekki að fara að hætta þessu fyllirí, annars væri ég bara farin frá honum. Ekki man ég eftir öðrum sérstökum orðaskiptum á sunnudagsmorguninn. Ég segi alveg satt, ég man ekki, hvaða dag það var, sem hann vildi kaupa flösku á svörtum, ég man, að hann skrifaði ávísun upp á fimm hundruð krónur, ég man ekki, hvort ég þurfti að fylla hana út fyrir, en hann skrifaði undir. Hann bað mig að fara með ávísunina út í sjoppu og biðja eigandan Pál að skipta henni og geyma hana fram á miðvikudag fyrir sig. Þetta gerði ég og lét hann síðan hafa eitthvað af því fyrir flösku, síðan ætlaði ég að nota hið til að djamma fyrir.

Leigubíllinn frá Borgarbilastöðinni kom í hlaðið hjá okkur fljótlega upp úr hádeginu. Ég sá, þegar hann kom, og ég held ég hafi sagt honum, að bíllinn væri kominn. Mig minnir, að ég hafi spurt Fúsa, hvort hann færi niður eða bílstjórinn kæmi upp, en alla vega fór hann niður. Ég sá bílstjórnann út um eldhúsgluggann, en þar sat ég, þegar hann kom. Þetta var ungur strákur með dökkt hár, ég taldi, að ég kannaðist við hann og hann gæti heitið Stefán. Bílstjórinn hljóp inn undir skýlið við aðaldyrnar, ekki veit ég, hvort hann fór inn, rétt strax fór hann aftur út í bílinn og keyrði burt.

Sigfús kom síðan upp og inn í eldhús með flöskuna, sem var brennivínsflaska, opnaði hana og blandaði sér í glas, setti vatn út í vínið. Hann drakk þetta glas og blandaði svo í annað, drakk það í hálf, og skildi það svo eftir á borðinu.

Þær Linda og Margarét fóru svo um kl. milli þrjú og fjögur, en Linda ætlaði í afmæli. Ég bað Lindu að hafa samband við mig, þegar hún kæmi aftur. Ég var þá eftir heima með krakkana, en hann var einnig heima. Hann var orðinn blindfullur, röflaði bara og ráfaði um.

Pennan dag var ég alveg að verða brjáluð á honum. Það var matur um alla íbúð eftir hann, hann var farinn að míga hreinlega í vaskana, en það gerði hann stundum, þegar hann var kominn á þetta stig og búinn að drekka marga daga. Stundum meig hann, þar sem hann var staddur í íbúð-

inni, en ekki þó þennan dag. Hann var t. d. búinn þennan dag að miga tvisvar eða þrisvar í vaskinn á baðinu. Ég man þó núna, þegar ég rifja þetta upp, að hann meig þennan dag á svefnherbergisgólfið fyrir innan dyrnar.

Ég var orðin ákveðin í því þennan sunnudag að drepa Sigfús og ætlaði þá að nota bensínið til þess að kveikja í honum. Ég hafði þó ekki ákveðið stundina. Svo fór ég að hugsa, á ég að gera það eða á ég ekki að gera það? Svo byrjaði sjónvarpið, og meðan ég horfði á Húsið á sléttunni, var ég að þæla í því, hvort ég ætti að gera þetta. Hann lá þá inni í svefnherbergi.

Svo hringdi síminn, og ég fór í símann, ég get ekki munað, hvenær það var, ég var ekki í sambandi þennan dag. Það var Bárður, sem hringdi, hann spurði, hvort Sigfús væri fullur, og ég sagði honum það. Hann sagði þá, að ég skyldi hringja í neyðarvakt SÁÁ, ég skyldi biðja einhvern að koma þarna heim til að tala við Fúsa og ég gæti ráðfært mig við til að fá hann til að stoppa og hætta þessu. Ekki man ég, hverju ég svaraði Bárði. Ég spurði, hvort konan hans væri heima, en hann sagði nei. Hann sagði, að hún hefði farið út með krakkana, svo friður væri heima, því hann var með einhvern fund. Síðan slitum við talinu.

Ég hélt áfram að horfa á sjónvarpið og börnin einnig. Ég hélt áfram að hugsa og var búin að ákveða það, að ég skyldi klæða börnin upp og senda þau út, áður en ég færi út í þetta. Síðan kom Sólveig á 4. hæð til vinstri til mín, en hún var reyndar búin að koma áður þennan dag, ég get ekki munað, hvenær það var, við vorum þá bara að kjafta og fengum okkur kók, en ég neytti ekki áfengis þennan dag. Í fyrra skiptið, sem hún kom, var Sigfús á röltinu, hann var alltaf að koma til okkar inn í eldhús og spyrja, hvort það væri ekki allt í lagi. Við vorum svona að tala um daginn og veginn, hvernig ég hefði skemmt mér á ballinu kvöldið áður. Ég man, að ég sagði Sólveigu, að ég væri búinn að taka sigarettur tvisvar eða þrisvar þennan dag, sem hann hefði ætlað að fara með logandi inn í rúm. Þetta var lygi, en Sigfús reykir aldrei sigarettur, vindla að staðaldri, en mjög lítið og jafnvel ekkert, þegar hann er fullur. Ég var þarna að undirbúa drápið á Sigfúsi og láta líta þannig út, að hann hefði kveikt í sjálfur. Þess vegna vildi ég koma þessu að hjá Sólveigu með sigarettturnar, þannig að svo gæti lítið út og ég hefði vitni að því, hvernig hann hefði hagað sér með sigarettturnar þennan dag.

Í seinna skiptið, sem Sólveig kom, stoppaði hún örstutt og var að fá lánaðar kartöflur hjá mér, mig minnir, að klukkan hafi alveg verið að verða sex, en ekki man ég það upp á mínútu. Ég er spurð að því hér, hvort færð hefði verið klukkan í eldhúsinu. Ég var búin að því löngu áður, ég hafði fært klukkuna af veggnum fyrir ofan eldhúsbekkin, sem er við vegginn

milli eldhúss og svefnherbergis. Ég færði klukkuna til á veggnum, yfir eldhúsbordið nær glugganum.

Eftir að Sólveig fór, var ég ákveðin að gera þetta við Sigfús, hringdi ég yfir í næsta stigagang til konu að nafni Guðlaug, ég spurði hana, hvort hún ætti til kaffi á könnunni eða eitthvað svoleiðis. Ég vildi fá tilefni til að koma börnunum út. Hún kvaðst vera með gesti, svo ég sagðist tala við hana seinna. Þegar ég var búin að leggja tólið á hana, sagði ég við krakkaana, „komið þið, ég ætla að klæða ykkur í, við skulum koma til Stínu.“ Mig minnir, að ég hafi sagt við þau, að þau gætu horft á barnatímamann í lit. Þegar ég var búin að klæða þau í, sagði ég þeim að fara í stigvélin, sem geymd voru niðri í hjólakompu. Þegar þetta var, svaf Sigfús inni í herbergi og hafði sofði smástund. Börnin hlýddu og fóru niður, ég lokaði hurðinni, en hún var læst. Síðan fór ég að hugsa aftur, á ég að gera þetta eða á ég ekki að gera þetta? Ég var þá ekki komin í kápu né skó, Eftir smástund kom dóttir mín upp og spurði „mamma, ertu ekki að koma?“ Ég svaraði jú, ég væri alveg að koma. Hún fór þá bara niður aftur, ég lokaði þá hurðinni aftur, fór síðan í skóna og svo í kápu.

Síðan labbaði ég út á svalir, vængirnir voru dregnir fyrir, en stórisinn var dreginn fyrir gluggann, en ekki fyrir hurðina. Ég sótti bensinbrúsann og var ákveðin. Ekki man ég, hvort ég lokaði svalahurðinni, en mig minnir þó, að ég hafi skellt hurðinni, en ekki sett handfangið niður, ekki man ég það glögg.

Síðan labbaði ég inn í eldhús, tók lyklana af borðinu og stakk þeim í kápuvasann, síðan tók ég brúsann aftur, ég hefi kannske stillt honum upp á borðið, meðan ég tók lyklana. Eldspýtustokk tók ég af borðinu, ég fór með brúsann inn í herbergi til Sigfúsar, ég tók tappann af annað hvort inni í herberginu eða frammi á gangi. Sigfús lá á hliðinni og sneri baki að hurðinni. Grænblátt vattteppi hékk út af rúminu hurðarmegin.

Ég hellti svo bensininu yfir hann, yfir hliðina á honum, frá hálsi og líklega niður að mitti. Hann svaf og bærði ekki á sér. Ég henti brúsanum frá mér á gólfíð í átt að rúminu, ekki tók ég sérstaklega eftir, hvað hann fór, ég bara sleppti brúsanum eða skutlaði honum eitthvað undir. Ég stóð framan við bókahilluna, tók eldspýtustokkinn, stakk henni logandi ofan í stokkinn, þegar ég var búinn að kveikja í henni, henti svo logandi stokknum yfir Sigfús, stokkurinn lenti einhvers staðar við mittisstað á honum, bringumegin, og eldur blossaði upp. Góður slurkur var eftir af bensini í brúsanum, sem ég hafði hent á gólfíð.

Eftir að ég hafði kveikt í, hljóp ég út. Herbergishurðin var opin, ekki man ég þó, hvort ég hafi hallað henni aftur, en ég lokaði henni ekki alveg. Síðan fór ég út og skellti á eftir mér ganghurðinni. Ég labbaði síðan niður

stigann til barnanna, sem biðu niðri. Niðri á fyrsta stigapalli mætti ég hjónunum Hafðisi og Steinari, sem voru að koma inn.

Ég mætti fyrir utan Rannveigu og hennar manni, þau voru með litinn krakka með sér, þau eiga heima á nr. 9. Eftir þetta fór ég með börn mín út á Kötlufell 3 og inn til Stínu. Er ég kom þangað, leið mér mjög illa. Ég sagði henni eitthvað um það, að krakkarnir væru búnir að suða í mér að horfa á barnatímann.

Ég settist síðan inn í eldhús hjá henni, en börnin fóru inn í stofu að sjá sjónvarpið. Stína bauð mér kaffi, spurði, hvort ég vildi bolla eða glas, ég þáði bara glas. Hún gaf mér kaffi í glasið og fór svo að spyrja mig eitthvað um þetta raðhús, sem við ætluðum að fara að byggja. Síðan var það nú lítið meira, því ég rauk út, ég hafði stoppað þarna smástund.

Mér leið illa, innst inni vissi ég, að hann mundi ekki sleppa, en ef, þá vildi ég láta bjarga honum, ef það væri hægt. Ég klæddi börnin í flýti, þau voru úlpuklædd, hún með rauða húfu og hann með bláa. Ég gleymdi að láta húfuna á drenginn, þegar við vorum að fara niður stigann, kallaði hann: „Húfan mín, húfan mín,“ en ég sagði þeim af flýta sér, hann gæti náð í hana á morgun. Ég hljóp síðan á undan börnunum heim, en beið þó eftir þeim, að þau kæmst inn í stigainnganginn.

Ég hljóp síðan á undan þeim upp stigann, stakk lyklinum í skráargatið, þá gaus reykurinn á móti mér, ég fór þarna inn á ganginn og kallaði í hann, hann svaraði ekki. Ég gat varla andað fyrir reyk, það var allt kol svart. Ég hugsaði með mér, að ég gæti látið þetta líta enn betur út sem íkveikju af völdum Sigfúsar, ég tók upp átekinn Winston sígarettupakka úr kápuvasa mínum, og henti honum í átt að svefnherbergisdyrunum. Ég sá, að það flugu úr honum einhverjar sígarettur, en hve margar, sá ég ekki. Ég hafði áður kallað í Fúsa, en hann svaraði ekki.

Eftir þetta hljóp ég út, en ekki man ég, hvort ég lokaði eða ekki. Börnin var ég búin að reka upp stigann, þegar ég hafði opnað hurðina að íbúð minni, þannig að þau höfðu séð reykinn líka. Ég hljóp upp á 4. hæð til hægri, en áður hafði ég hringt á bjöllum á 3. hæð til hægri, enginn svaraði. Þá hljóp ég inn í íbúðina hjá Mitchell og þar inn á gang. Ég sagði fólkinu þar, að það væri kviknað í niðri hjá mér, og það var hringt á slökkviliðið, ég sagði, að Fúsi væri sennilega inni.“

Ákærða var spurð, hvort henni hafi verið ljós sú hætta, sem öðrum íbúum hússins var búin vegna íkveikjunnar, og svaraði hún: „Ég hugsaði ekki um þetta, það eina, sem ég hugsaði um, var að kála honum og ekki annað.“

Ákærða var nú spurð, hvort hún vildi einhverju við þessa skýrslu bæta, og svaraði hún:

„Ég vil segja eins og er, að mér líður mikið betur, eftir að ég hef skýrt hér satt og rétt frá þessu máli, eins og það gekk fyrir sig.“

Þegar skýrsla þessi hafði verið lesin fyrir ákærðu í heild, óskað hún að taka fram eftirfarandi: „Þegar ég hugsa um þetta eftir á, sé ég ákaflega mikið eftir því, sem ég gerði, en ég gerði mér enga grein fyrir, hvað ég var að gera þennan dag, því ég var viti mínu fjær.“

Ákærða var yfirheyrð fyrir sakadómi daginn eftir að hún gaf framan-greinda skýrslu og staðfesti þá, að rétt væri haft eftir henni í skýrslunni.

Í þessari yfirheyrslu skýrði ákærða svo frá, að hún hefði verið orðin ákveðin í því á laugardeginum, þegar hún sótti bensínbrúsann niður í geymslu, að nota bensínið til þess að kveikja í, þannig að Sigfús hlyti bana af, en kvaðst á því stigi ekki hafa verið búin að ákveða að kveikja í með því að hella bensíninu yfir hann.

Í sambandi við fyrri áform um að svipta Sigfús lífi kvaðst ákærða einungis hafa hugsað um það, en það hefði ekki leitt til neinna undirbúningsaðgerða af hennar hálfu, svo sem útvegunar efnis eða tækja. Hafði ákærðu ekki dottið í hug að nota bensín í þessu skyni fyrr enn á laugardeginum, en Sigfús hafði keypt bensínið nokkrum dögum áður og sett brúsann sjálfur í geymsluna.

Ákærða var spurð að því, hvort hún hefði gert sér grein fyrir því, að íkveikja í íbúð hennar gæti haft í för með sér hættu fyrir aðra íbúa hússins. Ákærða kvaðst hafa hugsað út í þetta á laugardeginum, en ekkert hugleitt það, þegar hún framkvæmdi verknaðinn. Kvaðst hún einungis hafa hugsað um að bjarga Sigfúsi, eftir að hún var búin að kveikja í, en ekki hugleitt almannahættu af völdum eldsins.

Ákærða kvað ástæðu verknaðarins hafa verið þá, að hjónaband þeirra hefði ekki verið eins og best var á kosið, eilífur drykkjuskapur og rífrildi. Taldi ákærða, að skilnaður mundi ekki losa hana við Sigfús, en þau hefðu verið í Hvítasunnusöfnuðinum og fengist skilnaður ekki auðveldlega þar, þar sem slíkt þýddi útskúfun úr söfnuðinum. Kvaðst ákærða ekkert hafa gert til þess að fá skilnað, þar sem Sigfús hefði neitað að veita henni hann, hótað að taka af henni börnin og koma henni í skítinn.

Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra íbúa hússins, sem yfirheyrðir voru af rannsóknarlögreglunni og síðar við meðferð málsins:

Vitnið Sólveig Þórdardóttir kvaðst hafa komið inn í íbúðina hjá ákærðu og Sigfúsi tvívegis umræddan dag síðdegis. Í fyrra skiptið kom vitnið í íbúðina um kl. 14 og dvaldi þar nokkra stund og ræddi við ákærðu, m. a. um áfengisdrykkju Sigfúsar, sem var að slaga um íbúðina mikið drukkinn, á meðan vitnið dvaldi þar.

Vitnið sagði, að það hefði ekkert heyrt ákærðu minnst á, að henni dytti í hug að bana Sigfúsi, en einhvern tímann áður hafði hún haft orð á því, að hún gæti hugsað sér að byrja honum eitur vegna drykkjuskapar hans, en hann var ákærða mjög óánægð með.

Vitnið sagði, að ákærða hefði verið í þetta skipti mjög góð við Sigfús, og sáust ekki á henni nein merki þess, að henni mislíkaði við hann. Vitnið sagði, að ákærða hefði haft orð á því, að Sigfús reykti svo mikið og þennan dag hefði hún tekið af honum tvo vindlinga, þegar hann hefði verið kominn með þá inn í rúm.

Vitnið kom öðru sinni inn í íbúðina hjá ákærðu og Sigfúsi þennan dag um stundarfjórðungi fyrir kl. 18 til að fá lánaðar kartöflur. Stóð vitnið við í þetta skipti örfáar mínútur, og á meðan kom Sigfús inn í eldhúsið álika mikið drukkin og áður.

Í þetta skipti talaði vitnið ekkert við ákærðu um áfengisvandamál Sigfúsar né talaði hún sjálf um það. Vitnið sá engin merki á ákærðu, þegar það talaði við hana í þetta skipti, að hún væri í uppnámi eða geðshræringu, og virtist hún róleg.

Vitnið sagði, að ákærða hefði farið mikið út að skemmta sér, þegar Sigfús var ölvaður, og virtist hún beinlinis nota tækifærið til þess að fara út að skemmta sér, þegar svo stóð á. Vissi vitnið til þess, að ákærða keypti oft fyrir Sigfús áfengi, þegar hann var drukinn.

Vitnið Baldur Brjánsson skrifstofumaður kvaðst hafa verið að koma heim til sín örfáum mínútum fyrir kl. 18 umræddan dag, og voru með því tvær dætur þess. Þegar þau gengu inn úr útidyrnum, stóðu þar fyrir innan í forstofunni börn ákærðu, og spurði annað barna vitnisins, hvert þau væru að fara. Annað barna ákærðu svaraði, að þau væru að biða eftir móður sinni og ætluðu með henni til að horfa á barnatímamann í lit.

Vitnið hélt upp í íbúð sína ásamt dætrum sínum, og þegar það var búíð að vera þar um stundarfjórðung, heyrði það umgang. Opnaði vitnið þá hurðina fram í stíghúsið, og var þá reykjarmökkur þar.

Vitnið Hafdis Finnbogadóttir kennari kvaðst hafa verið að koma að Kötluelli 11 umræddan dag rétt eftir kl. 18 ásamt eiginmanni sínum, og fóru þau inn í húsið bakdyramegin frá Iðufelli. Eiginmaður vitnisins fór, að vitnið best man, beint upp í íbúð þeirra. Vitnið sjálft fór inn í þvottahúsið, og eftir örstutta viðdvöl þar kom það fram í aðalanddyri hússins á leið sinni upp í íbúðina. Þegar vitnið kom inn í anddyrið, sá það ákærðu, þar sem hún hélt opnum aðaldyrum og var að fara út um þær ásamt öðru barni sínu. Ekki tók vitnið eftir hinu barninu. Vitnið sá framan í ákærðu, en man ekki, hvort þær heilsuðust. Ekki tók vitnið eftir neinu sérstöku í fari ákærðu í þetta skipti.

Verður nú gerð grein fyrir framburði annarra vitna:

Vitnið Rannveig Margrét Stefánsdóttir húsmóðir, Kötluelli 9 í Reykjavík, kvaðst hafa verið að koma að Kötluelli 9 í bifreið alveg um kl. 18 umræddan dag ásamt eiginmanni og þrem börnum.

Þegar vitnið var komið út úr bifreiðinni og stóð við hana, sá það ákærðu

kom gangandi ásamt börnum sínum tveim frá Kötluelli 11 meðfram húsinu, og gengu þau í austurátt. Er bifreiðastæðið sameiginlegt fyrir hús nr. 9 og 11.

Vitnið heyrði, að ákærða sagði við börnin, að þau væru að fara að horfa á sjónvarpið hjá Stínu. Vitnið þekkir ákærðu, og var hún von að heilsa því, en það gerði hún ekki í þetta skiptið og virtist ekki sjá vitnið. Annað óvenjulegt sá vitnið ekki í fari ákærðu.

Vitnið Kristín Ingólfsdóttir húsmóðir, Kötluelli 3 í Reykjavík, sagði, að ákærða hefði komið heim til þess mað börn sín umræddan dag örfáum mínútum eftir kl. 18, og kvaðst hún vera komin með börnin til að leyfa þeim að horfa á barnatímann í lit, ef hún mætti. Settust börnin inn í stofu fyrir framan sjónvarpið, en ákærða þáði kaffi í eldhúsinu.

Vitnið tók ekki eftir neinu sérstöku hjá ákærðu, þegar hún kom, en þegar þær fóru að ræða saman, fannst vitninu ákærða frekar dauf, en hún var von að vera gáskagull. Eftir örstutta stund lýsti ákærða því yfir, að hún væri með höfuðverk og reyklingarhósta, og kvaðst ákærða ætla að fara. Í framhaldi af því dreif hún börnin í fötin í miklum flýti, og gleymdi hún að setja á drenginn húfu, sem hann hafði komið með.

Vitnið sagði, að ákærða hefði komið, rétt eftir að Stundin okkar var byrjuð í sjónvarpinu, og hefði hún farið, þegar verið var að sýna, hvernig veðurkort væru gerð, og hefði veðurfræðingur þá verið að líma sólarmerki inn á veðurkort.

Er upplýst samkvæmt vottorði frá útvarpinu, sjónvarpinu, dagsettu 29. janúar sl., að barnatíminn hafi byrjað klukkan 17.59.45 og að byrjað hafi verið að líma sólarmerkin inn á kortið klukkan 18.17.10. Eru tímasetningar samkvæmt tímaklukkan sjónvarpsins.

Sonur vitnisins, 12 ára, sagði við vitnið, þegar ákærða var farin, að honum hefði virst hún þurfa að kasta upp.

Vitnið sagði, að ákærða hafi verið von að stansa lengi, þegar hún kom, og því var þessi asi óvanalegur.

Vitnið sagði, að ákærða hefði einhverju sinni haft orð á því, að réttast væri að byrja Sigfúsi heitnum eitur. Vitnið kvaðst þá ekki hafa tekið þetta alvarlega.

Vitnið kvaðst hafa kynnst ákærðu u. þ. b. 4 árum áður en eldsvöldinn varð, en þá fór hún að gæta barna fyrir hana. Þegar hún hætti því, fór ákærða að venja komur sínar til hennar. Talaði hún oft um það, að Sigfús neytti áfengis í óhöfi, og barmaði sér yfir því. Þá talaði hún um að skilja við Sigfús og sagði margt ljótt um hann.

Vitnið Mitchell David Snyder, nú til heimilis að Efstasundi 65 í Reykjavík, kvaðst hafa verið umrætt sinn húsvörður að Kötluelli 11 og búið á 4. hæð hússins. Umræddan dag, nokkru eftir kl. 18, birtist ákærða allt

í einu inni í íbúðinni, en íbúðin var ólæst. Var ákærða ein, en rétt á eftir henni komu börn hennar.

Ákærða sagði, að íbúðin væri að brenna og að Fúsi væri inni í henni. Virtist ákærða svolítið æst, þegar hún var að skýra frá þessu.

Í þetta skipti var staddur hjá vitninu slökkviliðsmaður í heimsókn, og fór hann þegar að íbúðinni, en vitnið sjálft fór áleiðs niður, en ekki alla leið. Vitnið hélt síðan upp aftur, en erfitt var að vera í stigahúsinu vegna reyks. Rétt á eftir kom slökkviliðsmaðurinn upp aftur.

Vitnið sagði, að ákærða hefði dvalið í íbúð þess, frá því að hún tilkynnti um eldinn og þar til slökkvistarfi var lokið.

Vitnið sagði, að ákærða hefði komið því þannig fyrir sjónir, á meðan hún dvaldi í íbúðinni, að hún væri óttaslegin, en samt grét hún ekki.

Vitnið Árni Arnason brunavörður, Hamraborg 8 í Kópavogi, kvaðst hafa verið umræddan dag gestkomandi hjá Mitchell Snyder.

Nokkru eftir kl. 18 birtist í íbúðinni kona, sem virtist í uppnámi, og sagði hún, að kviknað væri í hjá henni og maðurinn væri inni. Kom fram, að kona þessi bjó á næstu hæð fyrir neðan.

Eiginkona Mitchell Snyder hringdi á slökkviliðið, en átti erfitt með að tjá sig, svo að vitnið tók við og skýrði slökkvistöðinni frá því, sem væri að gerast.

Þegar vitnið hafði lokið símtalinu, hljóp það niður á næstu hæð og inn í íbúðina, sem vitnið minnti, að hefði verið opin. Var mikill reykur þar inni, sem lagði fram í stigahúsið. Reyndi vitnið tvívegis að fara inn í íbúðina, en varð að hörfa út án þess að komast lengra en inn í forstofuna.

Vitnið ræddi við ákærðu á heimili Snyder, og sagði hún vitninu, að hún hefði þrisvar þennan dag komið að Sigfúsi sofandi inni í rúmi með vindlinga. Kvaðst ákærða hafa verið í burtu í 45—60 mínútur, áður en eldurinn varð laus.

Vitnið Óli Karló Olsen, aðalvarðstjóri í slökkviliði Reykjavíkur, var aðalvarðstjóri á slökkvistöðinni, þegar brunaútkallið kom frá Kötluelli 11, og hélt þegar á staðinn ásamt venjulegum liðsafla. Þegar þeir komu að Kötluelli 11, voru komnir á undan menn úr Árbæjarstöðinni með dælubíl og sjúkrabíl. Voru þeir að búa sig undir að fara inn í íbúðina, þegar vitnið bar að með sína menn.

Vitnið Kristján Ólafsson brunavörður, Selbrekku 11 í Kópavogi, kvaðst hafa haldið að Kötluelli 11 umrætt sinn. Á leiðinni á staðinn klæddist vitnið reykköfunarbúningi ásamt öðrum brunaverði, en fram kom á leiðinni, að talið væri, að maður væri inni í íbúðinni.

Þegar vitnið og félagar þess komu að Kötluelli 11, voru komnir þangað aðrir brunaverðir úr Árbæjarstöðinni og voru að búast til að fara inn í

húsið, en þeir höfðu ekki haft aðstöðu til að klæðast reykköfunarbúningi á leiðinni.

Vitnið og félagi þess, Björn Pálmi, héldu beint inn í húsið í reykköfunarbúningi sínum og tóku um leið með sér slöngu, sem brunavörðirnir úr Árbæjarstöðinni voru með tiltæka. Þeir félagar héldu inn í íbúðina og fundu engan í fyrsta herberginu. Í næsta herbergi lögadi eldur í rúmi, sem félagi vitnisins sprautaði á, en vitnið sjálft hélt áfram að leita í íbúðinni, og þegar það kom inn í eldhúsið, fann það mann liggjandi á bakinu á gólfinu með fæturna í átt að dyrunum. Vitnið kallaði þegar í féлага sinn, sem kom strax og aðstoðaði vitnið við að taka manninn upp og koma honum út úr íbúðinni. Um svipað leyti var þriðji brunavörðurinn kominn inn í íbúðina í reykköfunarbúningi.

Vitnið Björn Pálmi Hermannsson brunavörður, Holtagerði 30 í Kópavogi, kvaðst hafa komið að Kötluelli 11 af aðalslökkvistöðinni ásamt fleiri brunavörðum. Það og annar brunavörður héldu fyrstir inn í íbúðina klæddir reykköfunarbúningum og með vatnsslöngu.

Þegar þeir félagar komu inn í svefnherbergi íbúðarinnar, en hurð þess var lokað, sáu þeir mikinn eld loga í rúmi í herberginu. Á meðan vitnið sprautaði á eldinn, hélt félagi þess áfram að leita í íbúðinni að manni, sem talið var, að væri inni. Örstuttu eftir að félagi vitnisins fór út úr svefnherberginu, kallaði hann í vitnið, og hafði hann fundið mann í eldhúsinu. Vitninu gekk greiðlega að slökkva eldinn, og var búið að því, þegar félagi þess kallaði í það.

Vitnið sagði, að maðurinn hefði legið á eldhúsgólfinu með fæturna að dyrunum, og sá vitnið ekki lífsmark með honum, en erfitt var að átta sig á því vegna reyksins. Minnti vitnið, að maðurinn hefði legið á grúfu.

Vitnið Haukur Ólafsson lögreglumaður, Krummahólum 10 hér í borg, gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið kom á vettvang ásamt Erlendi Sveinssyni varðstjóra á undan slökkviliðinu, en þeir voru staddir í Blesugróf, þegar tilkynnt var um lausan eld að Kötluelli 11. Vitnið reyndi að fara inn í stigaganginn, en útilokað var að komast lengra en upp á 1. eða 2. hæð vegna reyks, sem var meiri eftir því sem ofar dró í ganginum. Stuttu síðar kom slökkviliðið.

Vitnið Erlendur Sveinsson varðstjóri, Arakoti í Bessastaðahreppi, kom að Kötluelli 11 umrætt sinn. Vitnið sagði, að ákærða hefði tvívegis spurt sig, hvort maður hennar væri látinn. Kvaðst vitnið hafa svarað henni því óbeint, þar sem hún var stödd hjá því í lögreglubífreid fyrir utan húsið. Viðbrögð ákærðu voru þau, að hún andvarpaði og sagði ekkert, en ekki grét hún.

Vitnið aðstoðaði Árna Árnason slökkviliðsmann við að komast úr stiga-

húsinu út í hreint loft, en hann virtist aðframkominn af reyknun, sem var talsverður og fór illa í öndunarfæri.

Vitnið Kristín Sigurðardóttir húsmóðir, Unufelli 46 í Reykjavík, kvaðst hafa kynnst ákærðu fyrir rúmum fimm árum. Kynntust þær í kvöldsölu, sem vitnið vann í, en ákærða verslaði. Jukust kynni þeirra, er á leið og fyrst verulega, eftir að vitnið missti mann sinn fyrir þrem árum. Fór ákærða þá að venja komur sínar á heimili vitnisins.

Vitnið sagði, að ákærða hefði oft haft orð á þeim erfiðleikum, sem hún ætti við að etja í hjúskap sínum vegna drykkjuskapar Sigfúsar, en hann drakk oft marga daga í einu með hléum á milli. Kom stundum, en þó ekki oft, fyrir í tali ákærðu, að hún gæti drepð Sigfús, en vegna drykkjuskaparins að vitnið áleit. Vitnið tók þetta tal ekki alvarlega, og í því sambandi benti vitnið á, að ákærða hefði haft orð á því, að ef Sigfús dæi, yrði henni kennt um það. Virtist ákærða ekki koma sér að því að skilja við Sigfús, þar sem hún áleit, að þá yrðu börnin dæmd af henni.

Vitnið mundi sérstaklega eftir því, að einu sinni hafði ákærða orð á því, að hægt væri að drepa Sigfús með því að sprauta eitri í konfektmola og gefa hjonum. Einnig minntist ákærða á að blanda eitri í kaffi og gefa honum.

Vitnið sagði, að ákærða hefði á sl. sumri sagt sér, að hún hefði gefið Sigfúsi inn Aceton með því að setja það út í vínklas, sem hann hefði drukkið úr. Hún síðan ekið Sigfúsi á slysadeild af þessum sökum.

Vitnið sagði, að ákærða hefði tveim árum fyrir eldsvoðann orðið mjög fikin í að fara út að skemmta sér og hefði hún stundum sagt, að ef Sigfús færi ekki að drekka, mundi hún kaupa flösku fyrir hann sjálf, svo að hann færi að drekka og hún kæmist út til að skemmta sér. Þá sagði vitnið, að ákærða hefði gert mikið af því, þegar hún var að skemmta sér, að stofna til kynna við karlmenn.

Vitnið kvaðst hafa farið á dansleik ásamt ákærðu og þrem konum öðrum kvöldið áður en Sigfús andaðist, og fóru þær í Glæsibæ. Gætti þá Linda, dóttir vitnisins, barna ákærðu og Sigfúsar, en hann var heima.

Vitnið sagði, að ákærða hefði verið ör þetta kvöld á dansleiknum, en ekkert minntist hún á hjúskap sinn. Þá mundi vitnið ekki eftir því, að hún minntist eitthvað á eiginmann sinn.

Vitnið fékk símhringingu frá ákærðu um hádegi á sunnudeginum, og var ekkert óvenjulegt í fari ákærðu í því samtali, en hún sagði vitninu frá því, að Sigfús væri drukinn heima. Minntist hún á, að hann væri að kasta af sér þvagi í vaskana og væri búinn að bita í matinn og kasta honum á gólf. Ekki minntist ákærða á það, að hún hefði hug á að losna við Sigfús.

Vitnið fór að vinna kl. 2, og kom ákærða á vinnustað vitnisins fljótlega

upp úr kl. 2. Dvaldist hún töluvert lengi þar og beið færis að ræða við vitnið, en gat það ekki nema lítið, þar sem mikið var að gera. Í þessum stuttu samræðum þeirra kom ekkert sérstakt fram, og þegar ákærða fór, kvaðst hún ætla að horfa á tiltekinn þátt í sjónvarpinu. Hafði ákærða á orði, að hún mundi koma, þegar honum væri lokið, en ekki gerði hún það, og sá vitnið ekki ákærðu fyrr en næsta þriðjudag, en þann dag kom vitnið heim til sín um kl. 3, og var ákærða þá komin þangað.

Vitnið sagði, að það hefði strax á sunnudagskvöldinu fengið það á tilfinninguna, að ákærða væri völd að eldsvoðanum, en ekki gat vitnið gert sér grein fyrir, hvað réð þessari skoðun þess.

Vitnið kom heim úr vinnunni nokkru eftir kl. 19 umræddan sunnudag. Var það búið að fréttu af eldsvoðanum, en vissi ekki um afleiðingar hans. Þær sagði Bárður Árni Steingrímsson vitninu í síma nokkru síðar.

Þegar Linda, dóttir vitnisins, kom um kl. 2030 og frétti um lát Sigfúsar heitins, sagðist hún vita, hvernig lát hans hefði borið að höndum, og væri ákærða að því völd og hefði hún notað til þess bensín, sem ákærða hefði átt. Vitnið vildi draga úr þessari fullyrðingu stúlkunnar og bað hana um að hafa ekki hátt um þetta.

Þegar ákærða kom heim til vitnisins á þriðjudeginum, barst í tal á milli þeirra, hvernig eldurinn hefði kviknað, og kom ákærða með ýmsar skýringar á því, sem vitnið kvaðst ekki trúa. Fann vitnið, að ákærða var í vörn, en ekki var hún í geðshræringu. Samt sá vitnið, að hún var ekki eins og hún átti að sér, og hún fór fljótlega, eftir að farið var að ræða þessa hluti.

Vitnið Linda Hilmarsdóttir, dóttir vitnisins Kristínar Linnet, kvaðst hafa verið heima hjá ákærðu og Sigfúsi meira og minna frá því á fimmtudagskvöldinu fyrir atburðinn við að passa börn þeirra, en það kvöld fóru þau út að skemmta sér. Svaf vitnið heima hjá þeim aðfaranótt föstudagsins.

Vitnið sagði, að á laugardagsmorgninum, um klukkan 11, þegar það var að fara út í verslun fyrir móður sína, hefði sonur ákærðu og Sigfúsar kallað í sig grátandi og beðið sig að hjálpa sér með brennivinsflösku, tvær bækur og lúffur, en drengurinn sagði, að faðir hans hefði farið á undan honum heim. Vitnið hjálpaði drengnum heim með áðurgreinda hluti, en drengurinn sagði, að faðir hans hefði gefið honum bækurnar. Þegar vitnið kom inn í stigaganginn í Kötlufelli 11, sá það Sigfús sitja sofandi í skógeymsluherbergi á 1. hæð hússins. Fór vitnið til ákærðu og sagði henni frá þessu, en hún fékk aðstoð við að bera Sigfús upp til sín.

Vitnið fór með börn ákærðu og Sigfúsar í sund og kvikmyndahús síðdegis á laugardeginum, og um kvöldið tók það að sér að gæta þeirra, þar sem ákærða og móðir vitnisins ætluðu út að skemmta sér um kvöldið.

Vitnið sagði, að Sigfús hefði verið heima á laugardeginum mikið drukkinn. Sat hann ýmist í stól inni í stofu eða að hann ráfaði inn í eldhús og

inn í svefnherbergi. Fór hann oft í isskápin til þess að fá sér að borða, en það var ekkert í skápnum, þar sem ákærða var búinn að henda því. Sagði hún vitninu, að hún hefði hent matnum, þar sem Sigfús hefði verið búinn að bita einn bita af öllu, sem til væri. Þetta sagði ákærða vitninu á tímabilinu, frá því að það kom með börnin úr kvikmyndahúsinu og fram til þess, að hún fór út.

Vitnið fór að sofa á milli klukkan 0130 og 0200 um nóttina, og voru þá börnin og Sigfús sofandi svo og vinkona vitnisins, sem var hjá því. Vitnið vaknaði síðar um nóttina við það, að ákærða kom inn. Hún fór stuttu síðar aftur á brott. Þegar vitnið vaknaði á sunnudeginum um klukkan 10, sá það ákærðu sofandi í sófa í stofunni.

Vitnið gaf börnunum og vinkonu sinni að borða, og á meðan þau voru að því, kom Sigfús fram í eldhúsið til þeirra og spurði eftir ákærðu, sem hafði farið stuttu áður út að versla. Beið Sigfús komu hennar í eldhúsinu og ræddi við börnin, aðallega drenginn. Þegar ákærða kom aftur, hafði hún meðferðis gosdrykki. Að beiðni Sigfúsar fór hún öðru sinni út í verslun og keypti fyrir hann fjórar flöskur af Thuleöli.

Þegar ákærða kom með ölið, fóru hún og Sigfús að tala saman í eldhúsinu og lokuðu þá hurðinni. Heyrði vitnið Sigfús spyrja ákærðu, hvort hann mætti kaupa áfengisflösku, og svaraði ákærða því, að hann mætti það sin vegna, henni væri alveg sama.

Nokkru síðar sá vitnið bifreið koma að húsinu. Sá vitnið mann hlaupa inn, og Sigfús hljóp niður. Eftir að hann kom aftur, hóf hann áfengisdrykkju á ný.

Vitnið kvaðst hafa heyrt ákærðu segja Sigfúsi, að bifreið þeirra væri á lögreglustöðinni. Vildi Sigfús láta ákærðu sækja bifreiðina og fá aðstoð lögreglunnar til að láta bensín á hana, en það vildi ákærða ekki. Heyrði vitnið þau rifast um þetta.

Vitnið sagði, að ákærða hefði sagt því, að bifreiðin hefði orðið bensínlaus og hefði hún keypt bensín á brúsa, en þegar hún hefði ætlað að setja það á bifreiðina, hefði bifreiðin verið horfin. Hefði hún því komið með brúsann heim og sett hann út á svalir.

Vitnið átti erindi út á svalirnar á laugardagskvöldinu og sá þá hvítan brúsa með rauðum tappa standa á svalagólfinu og að í honum var talsvert, en vitnið hrissti brúsann til. Þá fann vitnið bensín- eða oliulykt.

Vitnið sagði, að Sigfús hefði verið orðinn mikið drukinn í hádeginu á sunnudeginum, og sagði ákærða, að hann væri farinn að kasta af sér vatni í vaskana. Sá vitnið, að hann kastaði af sér vatni í eldhúsvaskinn, en ákærða sagði, að hann hefði einnig kastað af sér vatni í baðvaskinn. Fór ákærða að rifast við Sigfús út af þessu, og sagði Sigfús þá: „Hvað er að?“ Sagði vitnið, að ákærða hefði kallað Sigfús öllum illum nöfnum, m. a.,

að hann væri svín, að hann ataði allt út eins og hálfviti og að hún ætlaði að biðja Bárð að flytja hann á Silungapoll, ef þar væri pláss, en annars ætlaði hún bara að drepa hann. Þegar ákærða sagði þetta, voru hún og Sigfús inni í eldhúsi, en síðan fóru þau inn á salerni og lokuðu að sér, svo að vitnið heyrði ekki, hvað þeim fór á milli.

Stuttu síðar fór vitnið út að versla fyrir ákærðu, og þegar hún var að fara, sá hún Sigfús fara inn í svefnherbergi og ákærðu loka á eftir honum hurðinni. Áður en vitnið fór aftur, borðaði það með ákærðu og börnunum. Þá bað ákærða vitnið að koma aftur um kvöldið, því að hún væri að hugsa um að fara á ball.

Vitnið fór síðan á milli klukkan 1330 og 1345 og með því vinkona þess, sem með því hafði verið heima hjá ákærðu. Fór vitnið síðan suður í Hafnarfjörð í afmælisveislu og kom aftur heim til sín á milli klukkan 2030 og 21 og frétti þá, hvað hefði komið fyrir. Sagði vitnið þá móður sinni, að ákærða hefði verið að rifast við Sigfús og hefði hún hótad að drepa hann. Kvast vitnið þá hafa verið visst um, að hún hefði gert það, þar sem hún hefði sagt það svo mörgum sinnum.

Vitnið upplýsti, að það hefði aldrei séð Sigfús reykja, hvorki vindlinga, vindla né annað tóbak. Kvaðst vitnið ekki vita til þess, að hann reykti, og hefði það ekki séð hann gera það, hvorki drukkinn né ódrukkinn.

Vitnið Bárður Árni Steingrímsson fiskali, Álftahólum 4 í Reykjavík, skýrði svo frá, að það hefði kynnst ákærðu og Sigfúsi sumarið 1972, og tókst vinátta með vitninu og Sigfúsi, en leiðir skildu eftir nokkra mánuði. Kynni þeirra endurnýjuðust síðan aftur um þrem árum fyrir margnefndan atburð, en þá flutti vitnið í Breiðholt III. Samgangur og samskipti þeirra hófust þó ekki að marki fyrr en haustið 1979, þegar Sigfús fór að vinna fyrir vitnið, og það útvegaði honum vinnu. Þá gætti ákærða barns vitnisins og konu þess, og hirti hún óaðfinnanlega um það. Treystu þau hjónin henni fullkomlega fyrir barninu.

Vitnið sagði, að Sigfús hefði verið mikill drykkjumaður, þegar hann neytti áfengis. Sá það hann nokkrum sinnum mjög ölvaðan.

Vitnið vissi, að Sigfús hóf áfengisdrykkju á fimmtudeginum, og kom hann í fiskbúðina til vitnisins árdegis á laugardegnum „skelþunnur“, titrandi og skjálfandi. Fékk Sigfús að hringja til að útvega sér áfengi. Kom bifreið bakdyramegin að fiskbúðinni, og sá vitnið eftir það, að Sigfús var kominn með brennivínsflösku, sem hann drakk hálfa á ca 20 mínútum. Þá tók vitnið flöskuna, fyllti hana af vatni, pakkaði henni inn í pappír og setti í plastpoka. Á meðan vitnið var að þessu, fór Sigfús út í bókabúð og keypti myndabók eða litabók handa syni sínum, sem var með honum, en hann hafði beðið Sigfús að koma með sér út í búðina. Eftir þetta fór

Sigfús með syni sínum, og sagði vitnið, að mátt hefði segja, að þá hefði Sigfús fremur verið á fjórum fótum en tveim.

Næst eftir þetta frétti vitnið af Sigfúsi á sunnudeginum um klukkan 1730, en þá hringdi vitnið heim til hans, en ekki gat vitnið upplýst, hvers vegna það hefði hringt, þar sem það hefði aldrei áður hringt, nema það ætti erindi vegna vinnu, sem það ætlaði að biðja Sigfús að framkvæma. Vitnið talaði við ákærðu og spurði um Sigfús, sem ákærða sagði, að gengi um gólf. Upplýsti ákærða, að Sigfús hefði keypt áfengisflösku á laugardagskvöldinu um klukkan 22. Sagði vitnið ákærðu þá, að hún ætti að hringja á neyðarvakt SÁÁ, en vitnið taldi, að ákærða væri orðin þreytt á drykkju Sigfúsar. Vitnið sagði, að ákærða hefði verið róleg í símanum, enginn asi á henni, og hún virtist ekki vera pirruð. Minntist vitnið þess ekki, að þeim hefði farið fleira á milli í þessu símtali. Næst frétti vitnið af Sigfúsi um klukkan 1830, þegar börn fluttu honum þau tíðindi, að Sigfús hefði verið fluttur á brott í sjúkrabifreið.

Vitnið kvaðst hafa séð, að bifreið þeirra hjóna stóð um klukkan 1130 á föstudagsmorgninum á horni Iðufells og Austurbergs. Þá frétti vitnið, að lögreglan hefði fjarlægt bifreiðina síðari hluta dagsins. Vitnið hringdi til ákærðu, nokkru eftir að hafa séð bifreiðina á umræddum stað, og sagði ákærða þá vitninu, að bifreiðin hefði orðið bensinlaus og hún ekki nennt að fara út á bensinstöð til að ná í bensín í brúsa.

Þegar vitnið kynntist ákærðu og Sigfúsi, voru þau öll í Hvítasunnusöfnuðinum. Vitnið sagði, að Sigfús hefði hætt áfengisdrykkju og reykingum, eftir að hann kom í Hvítasunnusöfnuðinn, en einstaka sinnum sá vitnið hann reykja smávindla. Þá minntist vitnið þess ekki að hafa séð Sigfús reykja, þegar hann var undir áhrifum áfengis, og ekki kvaðst vitnið hafa séð Sigfús reykja vindlinga, eftir að hann hætti að reykja í Hvítasunnusöfnuðinum á sínum tíma.

Rannsóknarlögregla ríkisins hafði tal af nokkru vinnufélögum Sigfúsar, og kom fram í viðtölum við þá, að hann hefði einstaka sinnum reykt vindla, en enginn þeirra hefði séð hann reykja vindlinga.

Þá kannaði rannsóknarlögreglan, hvort bensín væri á bifreið þeirri, sem ákærða hafði skilið eftir á horni Iðufells og Austurbergs, en bifreiðin var í vörslu lögreglunnar. Reyndist ekki vera bensín á tanki hennar.

Við rannsókn málsins komu fram grunsemdir um, að ákærða hefði ekki verið ein í ráðum um að bana eiginmanni sínum, og í yfirheyrslu 9. febrúar sl. skýrði ákærða frá því, að hún hefði verið og væri mjög ástfangin af áðurgreindum manni, sem hún hefði kynnst árið 1977 og áður er um getið. Hefðu þau rætt um það saman um hálfu ári eftir að þau kynntust, að nauðsynlegt væri að ryðja Sigfúsi úr vegi, svo að þau gætu verið saman. Hefðu þau ráðgast um það saman, hvernig þau gætu drepð Sigfús, og sagði

ákærða, að maðurinn hefði sagt, að „nota mætti töflur eða byrta Sigfúsi einhverju eitri eða nota byssu“. Nokkru síðar hefði komið upp sú hugmynd hjá þeim að koma ólyfjan fyrir í vínglasi Sigfúsar í því skyni að koma honum fyrir kattarnef. Kom ákærða því svo fyrir, en Sigfús ældi því upp og varð ekki frekar meint af. Eftir þetta kvaðst hún hafa verið ákveðin að bana Sigfúsi og jafnframt hefði þá umræddur maður áður verið ákveðinn að slíta sambandi við stúlku þá, er hann hafði þá tekið upp samband við, og hefja sambúð með ákærðu.

Í lok skýrslu ákærðu 9. febrúar um framangreindan þátt mannsins var bókað eftir henni, að hún hefði sagt sannleikann, hún elskaði manninn og gerði það enn. Hún hefði aldrei gert það, sem hún hefði gert, nema vegna hans. Ákærða var spurð, hvort hún hefði treyst sér til að bana eiginmanni sínum eftir áður misheppnaða tilraun án hvatningar frá öðrum, og svaraði hún því neitandi.

Er hér var komið, beindist rannsókn málsins einnig að ætlaðri hlutdeild umrædds manns að brotum ákærðu, þ. e. tilraun hennar til að bana Sigfúsi með ólyfjan og síðar drápi hennar á Sigfúsi með íkveikju, og tengslum þeirra og kynnum í því sambandi. Var maðurinn yfirheyrður af þessum sökum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 10. febrúar. Frásögn hans um kynni og tengsl þeirra ákærðu var mjög á annan veg en hjá henni í fyrstu skýrslu, sem tekin var af honum, en við skýrslutöku af manninum 11. febrúar fékkst nokkuð samræmi í frásögn þeirra um ýmis atriði.

Gerð var krafa um það fyrir sakadómi Reykjavíkur 11. febrúar sl., að maðurinn yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna rannsóknar á framangreindri fullyrðingu ákærðu. Þessari kröfu var synjað með úrskurði dómssins næsta dag.

Rannsókn á hugsanlegum þætti mannsins í verknaði ákærðu, sem hann neitaði, leiddi ekki til neinna aðgerða, en í því efni fór fram mjög ítarleg rannsókn, sem ekki þykir ástæða til að rekja í máli þessu.

Þá fór fram rannsókn í því skyni að upplýsa, hverjir hefðu fært Sigfúsi heitnum áfengi á laugardeginum og sunnudeginum, en þeir, sem grunaðir voru um það, könnuðust ekki við að hafa gert slíkt. Varð ekki upplýst um þetta.

Rannsóknarlögregla ríkisins leitaði til brunamálastjóra ríkisins með bréfi, dagsettu 9. febrúar sl., og óskaði eftir álitum um það, hvort íkveikjan hefði valdi eldsvoða, sem haft hefði í för með sér almannahættu, bersýnilegan lífsháska annarra manna eða augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.

Brunamálastjóri fól Ástvaldi Eiríkssyni, forstöðumanni eldvarnaeftirlitsins á Keflavíkurflugvelli, til heimilis að Löngubrekku 45 í Kópavogi, og Theódór Árnasyni verkfræðingi, Álfhólsvegi 101 í Kópavogi, að meta al-

mannahættu vegna ikveikjunnar, og skiluðu þeir ítarlegri skýrslu, dagsettri 3. mars sl., um það efni, sem þeir hafa staðfest við meðferð málsins. Í skýrslu þeirra segir svo, eftir að þeir hafa lýst aðstæðum og brunaferlum: „Skodun matsmanna á gangi eldsvoðans:

Eldsupptök voru sem fyrr segir í hjónarúmi í hjónaherbergi, sem er 2.5 m × 3.0 m að stærð. Eldsmatur hefur verið rúmdýnur (gormadýnur), sem hafa verið klæddar af 1'' þykku lagi af svampi og stoppi, og væntanlega sængurföt, þótt ekki væru eftir þau aðrar leifar en fiður. Einnig grind hjónarúmsins úr timbri með rúmfjöllum í botni. Auk þessa hefur verið um að ræða óákveðið magn af bensini, sem hefur brunnið til agna. Af brunaleifum að dæma hafa sængurföt og mestur hluti áklæðis rúmdýna brunnið og allt bensinið. Sjálft hjónarúmið er talsvert brunnið, en hvergi í gegn. Sama er að segja um flestar botnfjalirnar. Litils háttar bruni var í koll, er staðið hefur við rúmið, og litils háttar í bókum á efri bókahillu. Í hjónarúminu hafði verið sofandi maður, sem hefur vaknað við brunann, því hann finnst látinn á öðrum stað í íbúðinni. Við teljum, að hurðin á svefnherberginu hafi verið hálf opin við upphaf eldsins. Hinn sofandi maður hefur væntanlega vaknað nokkuð fljótlega við eldinn og hlaupið út úr svefnherberginu og hurðin þá lokast á eftir honum eða hann lokað henni á eftir sér, annað hvort af einhverjum ósjálfráðum hvötum eða til þess að forðast hinn mikla eld og reyk, sem hefur strax myndast af eldsmatnum í rúminu.

Bruni í stóres og í gardínu við svalahurð gæti varla hafa stafað af öðru en af völdum mannsins, því sem fyrr segir var hitastreymi ekki svo mikið frá eldinum í svefnherbergi, að það gæti hafa kveikt í gardínunum eða í öðrum hlutum í stofunni. Síðan hefur maðurinn leitað inn í eldhúsið, þar sem hann fannst að lokum.

Ekki sjást nein merki á útidyrum íbúðar, að hann hafi opnað þær. Þegar slökkviliðsmenn koma inn í íbúðina, fara þeir fyrst inn í barnaherbergið, en merkin þar benda til þess, að hurðin þar hafi verið opin tiltölulega stutt, væntanlega á meðan reykkaðinn leitar af sér allan grun þar. Síðan opna þeir hjónaherbergið og þá blossar upp hálfkæfður eldur á ný í hjónarúminu, sem slökktur er nær samstundis. Að lokum finnur slökkviliðsmaðurinn manninn inni í eldhúsinu.

Hurðarhúnar eru alls staðar úr plasti, og hafa þeir aflagast á hurð hjónaherbergis, en hvergi annars staðar, hvorki á barnaherbergi né eldhúsi eða útidyrum.

Væntanlegar afleiðingar eldsvoðans.

Nú liggja að sjálfsgöðu fyrir, hverjar endanlegar afleiðingar eldsvoðans voru í raun. En matsmenn líta þannig á það verkefni, sem þeim hefur verið falið, að þeim beri að meta, hverjar afleiðingarnar gætu hafa orðið, og

þá sérstaklega út frá því sjónarmiði, hvort íbúar stigahússins eða aðrir gætu hafa verið í einhverri hættu, ef verr hefði farið. Eldurinn í hjónaherbergi hefu dvínað sökum súrefnisskorts, þar sem hurðin fyrir því hefur lengstum verið lokuð, á meðan eldurinn geislaði. Hún hefur þó ekki lokast þétt, og töluvert reykstreymi er inn í stofuna. En engin endurnýjun lofts hefur verið, og því hefur súrefni þrotið í svefnherberginu. Eldurinn blossar upp við það, að slökkviliðsmaður opnar hurðina, en er slökktur á tiltölulega stuttum tíma. Eldsmatur er tiltölulega litill í svefnherbergi, en strax í námunda við það, t. d. er í fataskáp og fatahengi talsverður eldsmatur og síðan aftur inni í stofunni. Hér verður að gera ráð fyrir, að eldur hafi verið í fötum húsráðanda, sem greinilega hefur farið úr hjónaherberginu yfir að svalahurð og því þvert yfir íbúðina. Merki benda til þess, að hann hafi komið við húsgögn, en það kviknar ekki í neinu á þeirri leið hans nema í hluta af gardinum fyrir svalahurð og glugga. Þar eru glæður, sem slökkviliðsmaður slekkur í. Húsráðandi fer síðan inn í eldhúsið, og hefur flyksa úr fötum hans fest í hurðarjárn í karmi, því þar eru merki um meiri sviðnum en annars staðar á karminum.

Þótt eldur í hjónaherberginu gæti hafa dáið út án þess að koma af stað eldsvoða í íbúðinni, gæti eldur í gardínu hafa breiðst fram í stofuna, en þar var eldsmatur mikill fyrir hendi.

Þrátt fyrir það má segja, að eldurinn sem slíkur hafi ekki verið meginhættan, heldur einkum sú reykmyndun, sem verður við brunann. Hinn mikli reykur, sem greinilega hefur fyllt stigahúsið, virðist að mestu leyti hafa komið fram vegna þess, að útidyr íbúðarinnar voru nokkuð lengi opnar, eða frá því að húsfreyjan opnar hurðina og skilur hana eftir opna og hleypur upp til húsvardar. Einnig hafa dyrnar verið talsvert opnar við slökkvi- og björgunarstörfin.

Útihurðir þeirra íbúða sem matsmenn skoðuðu, bæði í fyrrgreindri íbúð og öðrum í sama stigagangi, reyndust ekki fullnægja öllum skilyrðum fyrir svonefndar eldvarnarhurðir. Reykþéttingu þeirra er mjög ábótavant. Í karna hafa t. d. verið fræstir plastlistar til þess að þétta fyrir dragsúg. Þá var listi fræstur inn í dyrablaðið við gólf, en ekki inn í þröskuldinn. Í hurð fyrrgreindrar íbúðar hafði listinn ofan við hurðina brotnað í burtu, og því var reykþétting þar litil. Hurð þessi féll að þéttilistum í lóðréttum körmum, en þó vantaði þar á efst, og hefur þar myndast bil á milli hurðar og karms, og hefur þar verið streymi reyks, eins og mátti sjá af sóti út í stigaganginn. Bil á milli hurðar og karms var víðast mjög mikið, 4—6 mm. Þessi hurð hefur því engan veginn verið reykþétt, og sama gildir um aðrar hurðir í stigaganginum að því er virðist. Þá virðist ekki hafa verið troðið með steinull á milli dyrakarma og múropa, eins og gert er ráð fyrir í brunamálasamþykkt. Ekki dugði að sögn vitna að líma fyrir rifur á milli

hurðar og karms, þar eð reykurinn leitaði þá á milli karms og múrs með gæðum.

Kvörtuðu sumir eigendur íbúða yfir miklum reyk í íbúðum sínum og það miklum, að þeir héldust ekki við inni og leituðu út á svalir.

EKKI er neinn búnaður til reykkræstingar sjáanlegur í stigahúsi, og aðeins var litið loftræstiop yfir efstu hæð, um 5 cm í þvermál, tengt viftu, sem dregur út loft. m. a. úr baðherbergjum í íbúðum. Brögð voru að því, að reykur leitaði niður í íbúðir á hæðinni neðan við hina brennandi íbúð. Orsökina er að sjálfsögðu, að alveg vantar reykkræstingu fyrir stigahúsið.

Aflokud rými eru til beggja handa við stóran glugga efst í stigahúsinu, en það er klætt af með 18 mm viðarplötum og einangrað með 5 cm plasti. Á umræddri klæðningu er hurð inn á loft undir þaki. Þessi hurð var ólæst og féll lauslega að stöfum. Það er greinilegt, að þetta stigahús fylgir á engan hátt núverandi kröfum brunamálareglugerðar um brunavarnir. Húsið var byggt á árunum 1973—1974.

Reykaskynjarar munu vera í flestum íbúðum. Öllum nema þremur að sögn húsvarðar. Reykaskynjari var ekki í stigagangi. Þá kvörtuðu íbúðareigendur yfir því, að reykaskynjarar hefðu ekki virkað, þrátt fyrir það að reykur var kominn inn í íbúðina. En slíkt er ekki óalgengt, þegar reykur hefur farið tiltölulega langan veg. Engar húsreglur eru fyrir hendi um það, hvernig fólk skuli haga sér við bruna. Því má ætla, að íbúar hússins hefðu reynt að komast út úr húsinu niður um reykfyllt stigahúsið, ef hefði ekki komið til snarráð ábending slökkviliðsmannsins Árna Árnasonar um að loka og þetta með hurðum og fara út á svalir og bíða þar átekta. Slíkt ferðalag með börn hefði hæglega getað valdið slysum auk hættu á reykeitrun. Það hlýtur einnig að teljast hrein tilviljun, að hurð að svefnherbergi skyldi hafa lokast. Hefði það ekki skeð, hefði eldur getað læst sig fyrst í fatahengi og fatnað þar, en síðan inn í eldhús og stofu. Með tilliti til þess, að frágangur hurðar að stigagangi er slíkur sem lýst er hér að framan, þá hefði hurðin varla haldið slíkum eldi inni í íbúðinni lengur en 15—20 mín., þótt lokuð væri, vegna nálægðar við fatnað í skáp og fatahengi. Þá hefði mikill eldur, hiti og reykur leitað fram á stigaganginn og upp. Við þær aðstæður hefði enginn manneskja komist niður stigann. Eldur gæti hafa leitað inn á loftið undir þaki inn um hálfopna hurðina og kveikt þar í þakinu. Að lokum má álykta, að mikill reykur og hiti hefði hæglega komist inn í næstu íbúðir á sömu hæð og næstu hæð fyrir ofan, 15—20 mínútum eftir að eldur braust út úr íbúðinni, með hliðsjón af frágangi og gerð hurða milli íbúða og stigahúss, ef atburðarásin hefði orðið önnur, t. d. ef hurðin að hjónaherberginu hefði staðið opin. Að lokum hefði eldurinn breiðst út þessar sömu leiðir.

Sé íhuguð sú hættu, sem fylgir bensini, þá ber að hafa í huga þann geysilega sprengikraft, sem því fylgir. Blandist bensínufur lofti í nál. 1.4% til

7.6% hlutfalli eru þær í mjög brennanlegu formi. Hraði bruna í slíkri loftblöndu er nær sprengingu en bruna, og samfarandi þrýstingur getur orðið 40—80 tonn á fermetra í lokuðu rúmi.

Í þessu tilfelli hefur ekki orðið svo mikil uppgufun, að loftið hafi náð að mettast nægilega til að valda sprengingu. Skýringin getur verið sú, að bensínið var kalt og að stór hluti þess hefur farið ofan í sængurföt og fatnað. Herbergið er um 20 m³, og ekki þarf nema um 1.5 l af bensíni til að metta slíkt loftrými í fyrrgreindum hlutföllum, náí það að gufa upp að öllu leyti. En í þessu tilfelli var bensíninu líklegast hellt niður og kveikt í því á sömu mínútnni.

Niðurstöður:

Það skiptir algerlega sköpum um framvindu eldsvoðans, hvort hurð svefnherbergisins var opin eða lokuð.

1) Eldurinn verður ekki meiri en raun ber vitni fyrir það, að hurðin lokast sem fyrr er lýst. Hættan, sem öðrum íbúum stigahússins stafar frá eldi, er því í lágmarki. Reykhættan er þó talsverð fyrir hendi, en álykta verður, að snarræði slökkviliðsmannsins Árna Árnasonar komi þar til og bjargi málum.

2) Ef svefnherbergishurðin hefði ekki lokast nógu snemma, verður að telja, að íbúar stigahússins á sömu hæð og hæðinni fyrir ofan hefðu komist í töluverða hættu frá reykingum og eldi.

3) Húsfreyjan gerir vart við eldinn 15—20 mínútum eftir að kviknar í. Það hefur þá líklega ekki skipt miklu máli, þar sem svefnherbergishurðin hafði þá lokast, sem fyrr er lýst, og eldur því í algeru lágmarki. Aftur á móti hefði þessi aðgerð húsfreyju að gera viðvart um eldinn getað skipt sköpum, ef svefnherbergishurðin hefði ekki lokast.

Það er mat undirritaðara skoðunarmanna, að þá við slíkar aðstæður, 15—20 mínútum eftir eldsupptök hefði eldur verið við það að brjólast fram í stigahúsið. Í því tilfelli hefðu mínútur skipt sköpum fyrir íbúa stigahússins til að geta forðað sér út undir bert loft.

Útbreiðsla reyks, hita og elds um stigahúsið hefði orðið tiltölulega hröð, þar sem brunavarnir þess eru í algeru lágmarki, t. d. hvað varðar hurðir fram í stigagang og reyklosunarbúnað. Þetta ástand hefði síðan haft í för með sér töluverða hættu fyrir íbúa umrædds stigahúss, sem heima voru.

4) Gert er ráð fyrir, að tvö stigahús saman myndi eina brunasamstæðu. Einu tengslin á milli stigahúsanna eru í gegnum sameiginlegt þvottahús á 1. hæð, en eldvarnarveggur er upp í risinu. Þannig má gera ráð fyrir, að reykur, hiti og eldur hefðu ekki borist á milli stigahúsanna þá leiðina. Ekki er því ástæða til að ætla, að íbúar í hinu stigahúsinu (nr.9), sem var í sömu brunasamstæðu með sameiginlegu þvottahúsi, hafi verið í yfirvofandi hættu við að bjarga sér út á öruggan stað úr eldsvoðanum.

Lík Sigfúsar heitins var krufið, og segir svo m. a. í skýrslu Ólafs Bjarnasonar prófessors:

„Líkið kemur í Rannsóknastofuna nakið ofan mittis, en leifar af skyrtu-ermi eru um vinstri úlnlið líksins. Útbreiddar 2. og 3. stigs brunabreytingar eru um allan hálsinn, því nær allan búkinn niður undir lendar. Svipaðar brunabreytingar eru um því nær alla handleggi og hendur. Höfuðhár er mikið sviðið og verulega brunnið á aftanverðu höfði og upp á hvirfilinn. Húð í andliti er lítið sem ekkert brunnin nema á litlu svæði neðanvert vinstra megin á kinninni. Undir höku er húð hins vegar mikið brunnin sem og á hálsinum, eins og áður segir. Að neðan er líkið klætt dökkum terelynbuxum, síðum grábláum nærbuxum, stuttum ljósum nærbuxum og með sokka, en ekki skó á fótum. Ytri buxurnar eru nokkuð brunnar að framan, um vasa og framan á lærum. Nærbuxnastrengurinn var alveg brunninn burtu. Sokkar voru með brunagötum fremst ofan á hægri leista, neðan á vinstri leista á tábergi og hæl.

Pegar líkið hafði verið klætt úr buxunum, sást 2. stigs brunabreytingar á nokkru svæði framan á lærum beggja vegna.

Ekkert sérstakt á augunum að sjá. Nokkurt sóti blandað slím er í nösnum. Heillegar eigin tennur eru í munni, en að öðru leyti ekkert sérstaks á munni að sjá. Áverkamerki önnur en þau, sem rekja má til bruna, sáust ekki við ytri skoðun á líkinu.“

Í lok skýrslunnar segir svo:

„Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði), sem fylgir hér með í ljósríti, var magn alkóhóls í blóði 3.66% og í þvagi 5.27%. Í lifur fundust a. m. k. 6 fleyg efni og í blóði a. m. k. 3 fleyg efni, er fyrir koma í bensíni. Koloxíðmettun blóðrauða var 1%.

Ályktun: Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því, sem fannst við krufninguna, er ljóst, að maðurinn hefur látist af afleiðingum bruna. Niðurstöður réttarefnafræðilegra rannsókna samrýmast því, að eldurinn hafi verið kveiktur með bensíni.

Maðurinn hefur verið mjög ölvaður, er hann lést.“

Persónulegir hagir ákærðu.

Ákærða er sem fyrr segir fædd í Stykkishólmi 15. júní 1954. Kynforeldrar hennar voru þá hringtrúlofuð, og bjuggu þau saman í Stykkishólmi á annað ár. Dvöl ákærðu hjá foreldrum sínum lauk skyndilega, því að trúlofun foreldranna rofnaði, og móðir ákærðu hvarf aftur til fyrri maka síns í Vestmannaeyjum og tók upp sambúð við hann á ný, en skildi ákærðu eftir hjá föður sínum fárra mánaða gamla.

Vinir kynföður ákærðu komu því í kring, að ákærða var ættleidd af hjónum í Stykkishólmi, og leit hún á þau sem foreldra sína og kallaði þau

pabba og mömmu. Þjuggu þau í Stykkishólmi til 1960, fluttu þá til Reykjavíkur, en síðan árið 1961 til Hafnarfjarðar.

Kjörforeldrar ákærðu voru barnlaus og því aðeins þrennt í heimili. Þau voru í Hvítasunnusöfnuðinum, og setti trúarlíf hjónanna mjög mikinn svip á heimilið, en þau umgengust langmest fólk úr söfnuðinum. Þá fór fjölskyldan á trúfélagssamkomur 2—4 sinnum í viku, og varð ákærða ætíð að fara með.

Ákærða sætti ströngu uppeldi, og var skilyrðislausrar hlýðni krafist og líkamlegum refsingum beitt til 12—13 ára aldurs, ef refsingar þótti þörf. Á þeim aldri gerði ákærða sér grein fyrir því, að hún var ekki trúarlega sannfærð á sama hátt og kjörforeldrarnir, og efasemdir hennar tóku að færast í uppreisnarform, þótt hún léti ekki á slíku bera. Með nokkrum undantekningum virðist ákærða hafa hlýtt reglum og aga heimilisins, nema hún stalst stöku sinnum á böll á unglingsárum sínum, og var þá að eigin sögn skömmuð, þegar heim kom.

Ákærða gekk í Barnaskóla Hafnarfjarðar og síðar Öldutúnsskóla frá haustinu 1961 til vorsins 1968, en það vor lauk hún prófi úr gagnfræðaskólabekk. Síðan fór ákærða í Flensborgarskólann í 2. bekk unglingadeildar og lauk unglingaprófi þaðan. Næstu tvö skólaár sat ákærða í 3. og 4. bekk gagnfræðadeildar, og vorið 1971 lauk skólagöngu hennar, án þess að hún lyki gangfræðaprófi. Að eigin sögn var ákærða orðin leið á skólanum og vanrækti því námið.

Ákærða byrjaði að vinna í fiski í Hafnarfirði um 15 ára aldur, og æskustörf hennar voru að mestu fiskvinna. Þó var hún 16 ára gömul eitt sumar starfandi á barnaheimili, sem Hvítasunnusöfnuðurinn rak að Görðum í Öfundarfirði, og áður hafði hún verið eitt sumar í sveit á bæ í Geiradal í Austur-Barðastrandarsýslu.

Ákærða var heimilisföst hjá kjörforeldrum sínum, þar til hún giftist. Kjörforeldrar hennar tóku að sér rekstur barnaheimilis að Kotmúla í Fljótshlíð á vegum Hvítasunnusafnaðarins árið 1972, og vann ákærða hjá þeim það sumar. Þá kynntist hún eiginmanni sínum, og næsta ár fluttu kjörforeldrar hennar til Ólafsfjarðar, og skildi ákærða þar við þá.

Ákærða kynntist Sigfúsi heitnum, eins og áður greinir, árið 1972, og eftir að hafa þekkt hann í þrjá mánuði giftu þau sig. Var það 18. nóvember 1972. Taldi ákærða sig hafa verið hrifna af Sigfúsi heitnum, þegar þau giftust, en viðurkenndi eigi að síður, að undir niðri hefði hún gíft til þess að losna að heiman.

Þau hjónin bjuggu í misjöfnum leiguíbúðum, þar til þau festu kaup á íbúðinni í Kötluvell 11 fyrir rúmum sex árum. Var Sigfús heitinn fráskilinn, þegar hann kvæntist ákærðu, og átti tvær ungar dætur. Hann hafði neytt áfengis í óhófi, en tekist að hætta drykkju, þegar hann kynntist ákærðu,

og taldi hún, að hann væri hættur að fullu og öllu, en nokkrum mánuðum eftir giftinguna byrjaði hann að drekka áfengi á ný, og færðist drykkja hans í aukana með hléum, einkum eftir að yngra barn þeirra hjóna fæddist, en 29. júlí 1974 eignuðust þau dóttur og 27. nóvember 1975 eignuðust þau son. Sambúðarörðugleikar þeirra hjóna jukust, eftir að drengurinn fæddist, og drykkjutúrum Sigfúsar heitins fjölgaði, og þeir lengdust. Í júní eða júlí 1977 kynntist ákærða síðan öðrum manni, sem áður er um getið, og tókst með þeim ástarsamband, sem leiddi til þess, að ákærðu varð ljóst, að líkamlegt samneyti þeirra hjóna hefði verið misheppnað alla tíð. Þegar samband ákærðu og manns þessa rofnaði um áramótin 1978 og 1979, virðist mikil breyting hafa orðið á hárterni ákærðu, og fór þá ferðum hennar á skemmtistaði að fjölga, og jafnframt jókst áfengisneysla hennar. Þoldi hún þá ekki Sigfús heitinn nærri sér og notaði hvert tækifæri til þess að komast út frá honum til að skemmta sér, og stofnaði hún til kynna við ýmsa karlmenn. Notaði ákærða sér stundum ölvun Sigfúsar heitins til að komast út að skemmta sér og jafnvel stöku sinnum stuðlaði að drykkju hans í þeim tilgangi að geta farið út, er hann var ofurölvi.

Karl Strand, yfirlæknir geðdeildar Borgarspítalans, rannsakaði geðhagi ákærðu að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins og gerði rækilega skýrslu um rannsóknina.

Í skýrslu læknisins segir svo um geðhorf ákærðu:

„Allan þann tíma, sem geðrannsókn þessi fór fram á tímabilinu frá 06.02.81 til viðtals, er fór fram fimmtudaginn 26.03.81, var B.B. í fullkomnu jafnvægi, raunhæf, samvinnugóð, og fullt samræmi var milli geðhrifa hennar og vitsmunalegrar tjáningar. Öll leit að einkennum geðveiki hafði reynst árangurslaus. Geðlæknir fann engin merki um haldvillur (delusiones), dómvillur (illusiones) eða ofskynjanir (hallucinationes) af neinu tæi. Hún hafði engar hugsanatrufnanir, sem vart yrði, engar aðsóknarkenndir (paranoia) né afskiptahugmyndir (ideas of reference). Hún var döpur, en ekki svo mjög, að geðlægð (depression mentis) væri til staðar, geðhæð (mania) var aldrei merkjanleg. Hún hafði ekki sýnt nein hugsýkis-einkenni hvorki kviðni (anxiety) né sefasýkisháttarni. Þegar geðlæknir skildi við hana ofanefndan fimmtudag, taldi hann ekki ástæðu til fleiri viðtala.

Gerð hafa verið þrjú sálpróf á B.B., Minnesota Multiple Personality Inventory (M.M.P.I.), Wechsler's greindarpróf fyrir fullorðna og Rorschach's próf. Fram kom í prófunum, að B.B. er fremur lítið gefin, greindarvísitala 79, allir þættir M.M.P.I. prófsins voru innan eðlilegra marka að undateknum geðvilluþætti, sem var í hærri lagi, en alls ekki nægilega til þess að sanna tilvist geðvillu (þessi þáttur hafði færst í eðlilega átt, er prófið var endurtekið 21.04.81). Engin merki um geðveiki eða hugsýki var að finna í prófum þessum.

Álit geðlæknis er því það, að á þessu tímabili hafi B.B. verið geðheilbrigð og sakhæf. Ekkert fannst við athugun á skýrslum þeim, er teknar voru af RLR, þegar eftir atburðinn, sem benti til annars en B.B. hefði verið með réttu ráði, er hún framdi afbrotið, og í viðræðunum við geðlækni kom ekkert fram, sem benti til geðtruflunar þennan dag.“

Ákærða hefur aldrei verið saksótt fyrir neins konar lögbrot.

Álit dómsins.

Sannað er með játningu ákærðu, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu og rakið var, að ákærða hafi orðið eiginmanni sínum, Sigfúsi Steingrímssyni, að bana með því að hella yfir hann bensíni og kasta síðan að honum logandi eldspýtum, svo að eldur blossaði þegar upp, og hlaut Sigfús bana af. Þá þykir sannað, að með ákærðu hafi búið hugrenningar um að ráða manni sínum bana, þótt ekki hafi þær leitt til aðgerða fyrr en umræddan sunnudag. Þykir sannað, að ákærða hafi tekið ákvörðun um að vinna á manni sínum, er hún sótti bensínbrúsann og setti hann út á svalirnar, þótt ekki léti hún verða af því að vinna verkið fyrr en um klukkan 18 á sunnudeginum, þegar hún tók brúsann af svölunum og hellti úr honum yfir Sigfús, þar sem hann svaf í rúmi þeirra. Varðar þetta brot ákærðu við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er komið fram, að ákærða hafði leitt að því hugann, að sú háttsemi að kveikja eld í fjölbýlishúsi á þennan hátt gæti haft í för með sér hættu fyrir aðra íbúa hússins, enda þótt hún hugleiddi það ekki, þegar hún framkvæmdi verknaðinn.

Af álitsgerð hinna sérfróðu manna telur dómurinn sannað, að eldsvoðinn hafi auk dauða Sigfúsar haft í för með sér slíka almamannahættu, að öðrum íbúum hússins og gestkomandi fólki hafi verið búinn bersýnilegur lífsháski og að augljós hættu hafi verið á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum manna. Varðar háttsemi ákærðu því einnig við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu er komið fram, að ákærða og Sigfús heitinn hafi átt við sambúðarörðugleika að etja, sem að verulegu leyti mátti rekja til ofneyslu hans á áfengi, enda þótt fleira hafi komið þar til, og hafi ákærða hugleitt að skilja við Sigfús, enda þótt hún hafi ekki leitað eftir slíku af þeim ástæðum, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. Hins vegar þykja engin þeirra atriða geta átt við til refsilækkunar, sem um getur í 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga, enda þótt ákærða hafi, þegar það var orðið of seint, snúið til baka og leitað aðstoðar.

Með hliðsjón af framansögðu verður refsing ákærðu ákveðin fangelsi 16 ár.

Ákærða hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 29. janúar sl. til þessa, og þykir

rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að vist þessi skuli dregin frá refsingu hennar, 238 dagar.

Þá þykir ákærða samkvæmt 1. mgr. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962 hafa með verknaði sínum fyrirgert sjálfri sér til handa rétti til arfs eftir hinn látna eiginmann sinn, Sigfús Steingrímsson.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, en Jónatan Sveinsson saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Björg Benjamínsdóttir, sæti fangelsi 16 ár. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hennar, 238 daga.

Ákærða hefur með verknaði sínum fyrirgert sjálfri sér til handa rétti til arfs eftir eiginmann sinn, Sigfús Steingrímsson.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Priðjudaginn 15. mars 1983.

Nr. 250/1980. **Svava Þórðardóttir**
Sigurður Vilhjálmsen
Hilmir Vilhjálmsen og
Steinar Vilhjálmsen

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
og dómsmálaráðherra til réttarfæslu
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Stjórnsýsla. Yfirfjárráð. Skaðabótakröfu hafnað. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.